



Tímaritið Skák

1.tbl 2009 6.júní

Útgefandi: Taflfélag Bolungarvíkur

Taflfélag Bolungarvíkur Íslandsmeistari Skákfélaga



Reykjavíkurskák mótið 2009



Héðinn Steingrímsson sigurvegari mótsins



Ritstjórarabb

Á stjórnarfundum í Skáksambandi Íslands miðvikudaginn 13.mái s.l. var samþykkt ósk frá Tauffélagi Bolungarvíkur um að það tæki að sér að fóstora Tímaritið Skák næsta árið.

Hugmyndin er að gefa út fjögur tölublöð fram til áramóta og setja stefnuna á fjögur tölublöð á ári í framtíðinni. Blaðið verður gefið út á tölvutæku formi (pdf-skjalasnið) og dreift ókeypis með tölvupósti og af heimasíðu Skáksambandsins. Lögð verður áhersla á umfjöllun um innlenda skákviðburði og mót Íslendinga erlendis. Kjarninn í hvorutveggja eru skýrðar skákir íslenskra skákmanna

Tímaritið Skák hefur verið ómetanleg heimild um skáksögu Íslands allt frá stofnun þess. Árið 1963 tók Jóhann Þórir Jónsson við blaðinu og gaf það út undir merkjum Skákprents allt til haustsins 1997 er hann veiktist. Frá árinu 1998 hefur útgáfan verið í höndum Skáksambands Íslands, en ekkert tölublað hefur þó komið út síðan seint á árinu 2006.

Okkur í Tauffélagi Bolungarvíkur finnst þetta synd og viljum fóstora blaðið næsta árið með breyttu sniði. Í þessu fyrsta tölublaði er umfjöllun um Íslandsmót Skákfélaga, Reykjavíkurskáknotið, Skólaskákmót Íslands, Prag Open 2009, skákvíking íslenskra skákmanna s.l. haust og grein eftir Hrannar Baldursson. Margir hafa lagt hönd á plóginn við þetta fyrsta tölublað og vil ég þakka þeim sem skýrðu skákir sínar, tóku myndir, skrifuðu greinar og lánuðu texta. Alls eru 35 skýrðar skákir í blaðinu að þessu sinni og er það bara frábært. Þegar ég les yfir textann hjá mér þá sé ég að maður er dálítið upptekinn af sínu eigin félagi, skil betur núna hve erfitt þetta hlýtur að vera fyrir ritstjóra skak.is ☺ En þið verðið bara að þola þetta og á næsta ári er tækifæri fyrir annað félag að láta ljós sitt skína!

Áætlað er að næsta tölublað komi út í lok ágúst og mega menn gjarnan tefla skemmtilega í sumar, setjast svo niður og skrifa skýringar fyrir næsta blað !

Halldór Grétar Einarsson

Íslandsmót Skákfélaga 2008-2009



Nýliðarnir á móti Íslandsmeisturinum: Van Wely, Baklan, Kuzubov og Jón L fyrir Bolvíkinga. Hannes og Maze fyrir TR.

Fyrri hlutinn

Fyrri hluti Íslandsmóts Skákfélaga fór fram helgina 3.-5.október 2008 í Rimaskóla. Keppt var í fjórum deildum. Átta lið í fyrstu þrem og 30 lið mættu í fjórðu deildina. Það

voru því 340 keppendur með í ár plús varamenn. Áætla má að keppendur hafi verið samtals yfir 400 talsins.

1.deild

Bolvíkingar sem nýkomnir voru upp úr 2.deild stilltu upp mjög sterku liði og voru búnir að gefa út yfirlýsingar fyrir mótið að stefnan væri sett á að verða Íslandsmeistarar Skákfélaga. Nútíma keppni í skák sem öðrum íþróttagreinum byggist að hluta á því hve duglegir og skynsamir menn eru að safna að sér sterkum liðsmönnum. Þetta kostar ákveðna peninga og mörgum finnst eðlilega þetta ekki vera Ungmennafélagsandinn. En svona er bara lífið og svona hafa hlutirnir gengið fyrir sig í Íslandsmóti Skákfélaga í áratugi. Bolvíkingar ákváðu að gera þetta almennilega og freista þess að klára Íslandsmeistaratitilinn í fyrstu tilraun. Samt voru meðalstig í liði þeirra einungis c.a. 30 stigum hærra en hjá TR og Helli í síðustu keppni. Íslandsmeistararnir í TR og stórveldið Hellir treystu sér ekki í baráttuna við Bolvíkinga að þessu sinni og mættu mun veikari en vanalega.

Fyrirfram mátti búast við Bolvíkingum sterkustum. Næstu þrjú lið TR, Fjölnir og Hellir voru svipuð að styrkleika og síðan komu Haukar. Botnbaráttan yrði svo á milli b-liða Hellis og TR ásamt Akureyringum.

Í fyrstu umferð var allt eftir bókinni, nema hvað a-lið TR náði einungis að vinna b-sveitina 5-3.

Í annarri umferð vann Hellir góðan sigur á Haukum 5-3 þar sem þrjú neðstu borðin gerðu gæfumuninn. Bolvíkingar gáfu tóninn fyrir það sem koma skyldi með því að vinna Íslandsmeistarana 6-2.

Uppgjör b-liðanna fór fram í þriðju umferð. Því lauk með skiptum hlut 4-4 í viðureign Hellis og TR. Bolvíkingar héldu áfram sigurgöngu sinni og í þetta sinn með því að vinna sterka sveit Fjölnis 6-2.

Uppgjör Reykjavíkurrissanna fór fram í fjórðu umferð. Lið TR náði þá að sína sitt rétta andlit eftir

frekar slakar fyrstu þrjár umferðirnar og vann erkifjendurnar í Helli 4½-3½.

Staðan eftir fyrri hluta:

1. Taflfélag Bolungarvíkur 24½
- 2.-3. Skákdeild Fjölnis 21½
- 2.-3. Taflfélagið Hellir a-sveit 21½
4. Taflf. Reykjavíkur a-sveit 15½
5. Taflfélagið Hellir b-sveit 11½
6. Skákfélag Akureyrar 11½
7. Skákdeild Hauka 11½
8. Taflf. Reykjavíkur b-sveit 10½

Helst kemur á óvart staða a-liðs TR og Hauka, en báðar þessar sveitir höfðu þó teflt við sterkar sveitir í fyrri hlutanum.

Hvít: **Gunnar Björnsson** 2146


Helli

Svart: **Jón L Árnason** 2507

Bolungarvík

Í fjórðu umferð Íslandsmóts skákfélaga tefldi ég við Jón L. Árnason. Jón hafði lengi verið í Helli en hafði nú gengið liðs við Bolvíkinga. Ég hafði á orði við Jón fyrir skákina að „liðhlaupum“ væri yfirleitt refsað en ekki átti ég von á það myndist rætast.


1. e4 c5 2. Rf3 e6 3. d4 cxd4 4. Rxd4 a6 5. Rc3 Dc7 6. Be2 d6 7. O-O Rf6 8. Be3 b5 9. a3 Bb7 10. f3 Be7 11. De1 Rbd7 12. Hd1 O-O 13. Dg3 Hac8 14. Kh1 Hfe8 15. Hfe1



Hvítur hefur teflt ómarkvisst og er einhvern veginn planlaus og ljóst að svartur hefur a.m.k. jafnað taflið.

15. - Re5 16. Bg5 Rg6 17. Be3 Re5 18. Bg5 Rg6 19. Be3 Svartur vill ekki þráleika og breytir útaf

19. - Db8 20. Bd3 Re5 21. f4




Hér leikur Jón sennilega af sér. Sennilega hefði verið betra að drepa á d3. Nú lifnar hvíta staðan allt í einu til lífsins!

21. - Rc4 22. Bc1

Rxa3 er engin hótun og skyndilega er hvítu mennirnir farnir að miða á kóngsvænginn.


23. e5 lítur óvekjandi út og Jón reynir að loka línunum.

22. - g6 23. f5 e5 24. Rde2 Bf8?!



Afleikur. Nú er hvíta staðan allt í einu orðin miklu betri. Betra var 24. - Bc6!? Rybka gefur upp: 25. b3 Rb6 26. Bg5 Rh5 27. Dh4 Bxg5 28. Dxc5 Rd7 29. Hf1 Db6 30. a4 Kg7.

25. Hf1 Bg7 26. Dh4 Rh5 27. f6 Bf8 28. Hf3



Nú leikur Jón aftur af sér með Rb6. Hugmyndin er væntanlega sú að koma honum í vörnina en þangað kemst hann aldrei. Auk þess verður riddarinn fyrir

drottningunni sem í getur aldrei skákað á b6 eða a7. Betra hefði verið 28. - Da8! og gefur Rybka upp: 29. Rg3 Rf4 30. Rf5 He6 31. Bxf4 exf4 32. Dxf4 Kh8 33. Bxc4 Hxc4 34. Rxd6 Hxd6 með betri stöðu á hvítt. Ég átti auk þess allt eins og von á 28. - d5 til að reyna að sprengja upp taflíð.


28. - Rb6?

Á hann!

29. g4 Rf4?! 30. Rxf4 exf4 31. Bxf4

Ef 31. Hh3 þá 31. - h6.

31. - Hxc3



32. Hh3! h5 33. bxc3

Svartur er algjörlega varnarlaus en reynir að grugga vatnið

33. - Hxe4 34. Bxe4 Bxe4+

Takið eftir hvað Riddarinn á b6 er fyrir svörtu drottningunni! Hvorki hægt að skáka á a7 eða b6.

35. Kg1 Rd5 36. Hxd5 Bxd5 37. gxh5 De8 38. hxg6 Bh6 39. Bxh6 De2 40. gxf7+ Kxf7 41. Dh5+

Svartur gafst upp saddur lífdaga. Áhugamaðurinn hafði lagt stórmeistarann. Svo féllu íslensku bankarnir í kjölfarið.

1-0

Skýringar: Gunnar Björnsson

2.deild

Tafffélag Vestmannaeyja hefur undanfarin ár verið með eitt sterkasta liðið í 1. deild en á síðasta keppnistímabili féll liðið niður í 2. deild. Eyjamenn mættu núna með sterkara lið og voru sigurstranglegastir í 2.deild þetta keppnistímabilið. KR var með næst sterkasta liðið og svo voru fimm lið svipuð að styrkleika (SA-b, Reyknesingar, TG, Selfoss og Haukar-b). Hellir-c mættu með lakasta liðið á pappírnum.

Í fyrstu umferð gerðist það helst að Vigfús Vigfússon Helli vann sænska alþjóðlega meistarann Jan Johansson sem tefldi fyrir Vestmannaeyinga. Það myndna við sigur Vigfúsar var að hann hafði ekki hugmynd hversu sterkur andstæðingurinn var og var mjög hissa þegar Gunnar Björnsson sagði honum það ☺ Örugglega hjálpað honum í skákinni!

Haukar-b unnu góðan 5-1 sigur á Selfyssingum.

Úrslit í annarri og þriðju umferð voru eftir bókinni. Þó má geta góðs sigurs Stefáns Bergssonar yfir alþjóðameistarann Björgvini Jónssyni.

Í fjórðu umferð gerði Hellir-c ágætis 3-3 jafntefli við sterka sveit KR. Ungu mennirnir Bjarni Jens og Patrekur Maron unnu mun stigahærri menn og Vigfús kláraði helgina með 3½ af 4 mögulegum. Önnur liðaúrslit voru nokkuð eðlileg.

Staðan eftir fyrri hluta:

1. Tafffélag Vestmannaeyja 19
2. Skákdeild Hauka b-sveit 16
3. Skákdeild KR 14
4. Skákfélag Selfoss 10½
5. Tafffélag Garðabæjar 10½
6. Skákfélag Reykjanesbæjar 9
- 7.-8. SA b-sveit 8½
- 7.-8. Tafffélagið Hellir c-sveit 8½



Hvítt: **Vigfús Vigfússon** 2001
Hellir-c

Svart: **Jan Johansson** 2447
TV

Frönsk vörn C16

Skákin var tefld í 1. umferð á Íslandsmóti skákfélaga í viðureign TV-A og Hellir-C. Við vorum á öðru borði. Þessi viðureign var eftirminnileg á margan hátt. Yfirleitt hef ég frekar mikið að gera við liðsstjórn og byrja því frekar seint og gef því oft dálitinn tíma í 1 umferð. Þessu var var ekki þannig háttáð í þessari viðureign því þegar ég kem að borðinu þá er klukkan ekki farin í gang þótt u.þ.b. 10 mínútur hafi verið liðnar af hinum skákunum og Jan bara bendir hinn rólegast á einn af upphafsreitunum og gefur þannig í kynna að það vanti riddara í taflíð. Ég átti greinilega að redda því vandamáli. Ég fer af stað að leita að riddara og fer að róta í ótal kössum og dollum í Rimaskóla en þessi riddari lá bara ekki á lausu þar sem helst var búist við og starfsmenn mótsins gátu litla liðveislu veitt í þessu máli. Að vísu datt mér ekki í hug á þeim tíma að gá á næstu borð hvort búíð vær að drepa riddara í réttum lit en hvað um það eitthvað sem líktist riddara fannst um síðir og meira segja í nokkurn veginn réttum lit. Þessi skák hófst því ekki fyrr en 20 mínútum seinna en aðrar skákir. Ég hafði því nóg að gera við upphaf skákar og gaf mér ekki tíma til að athuga hver þessi Sví var sem ég var að tefla við og hafði ekki hugmynd um að hann væri IM. Þegar hann lék fyrst Rh6 í 6 leik (Assistant gefur að 6...Re7 =) og hinn riddarinn endaði eftir uppskipti á a6 í 9 leik þá fór ég fyrst aðeins að velta þessu liði hjá Eyjamönnum fyrir mér. Galegó á 1. borði, Jan á 2. borði, Þorsteinn á 3. borði og Sævar á 4. borði. Á innan við 10 leikjum var andstæðingurinn búinn að setja báða riddarana út á kant. Að vísu


er það vel þekkt að riddarar fari út á kant í þessu afbrigði og fleirum í Franskri vörn. Einhvern veginn fannst mér það of mikið að hafa þá báða út á kanti og velti fyrir mér hvort Eyjamenn væru að blöffa með liðsupstillingunni hjá sér eða hvort Svíinn væri að reyna slá mig út af laginu með frumlegri byrjun. Þegar 13...f5 kom sem ég vissi að var augljós afleikur sem setur riddarann á h6 í enn verri stöðu en áður þá ákvað ég að vera ekkert að spá meira í hver andstæðingurinn var og tefla til loka án þeirrar vitneskju. Meðan ég tefldi skákina var ég mjög ánægður með 23. Da6 hjá mér en sá leikur er kannski einu verulegu mistökinn sem ég geri í skákinni. Þá hefði getað komið 23...b5, 24. Dxa5 - Bd8, 25. Db4 - Be7, 26. Db2 - bxa4 og staðan er jöfn. Betra hefði verið 23. Db3 með þeirri hugmynd að leika Rc3 og svo d5 og hvítur er með mun betra tafl.

1.e4 e6 2.d4 d5 3.Rc3 Bb4 4.e5 b6 5.a3 Bf8 6.f4 Rh6 7.Rf3 Be7 8.Bd3 Ba6 9.Bxa6 Rxa6 10.Dd3 Rb8 11.0-0 Rc6 12.b4 Dd7 13.Re2 f5




14.Bd2 a5 15.b5 Ra7 16.Hab1 0-0 17.Hfc1 Hac8 18.a4 c6 19.bxc6

Hxc6 20.c4 dxc4 21.Hxc4 Hfc8 22.Hxc6 Hxc6 23.Da6



23. - Dc7 24.Rc3 Hxc3 25.Bxc3 Dxc3 26.Dxa7 De3+ 27.Kh1 Rg4 28.Hf1



28. - Kf8 29.Dxb6 Rf2+ 30.Hxf2 Dxf2 31.Dxe6 Df1+ 32.Rg1 Dxf4 33.d5 Dc4 34.Dxf5+ Kg8 35.Dd7 1-0

Skýringar: Vigfús Vigfússon

3.deild

Bolvíska liðið í 3.deild vann aðra deildina á síðasta keppnistímabili, en féll niður um deild, eða þannig! Bolvíkingar bættu nefnilega við sig átta sterkum skákmönnum fyrir tímabilið og því tefldi liðið sem vann 2.deildina árið áður í 3.deild. Tók við keflinu af sveitinni sem vann 4.deildina. Og sveitin sem vann 4.deildina fékk þau örlög að reyna að vinna hana að

nýju! Skringileg staða hjá félagi í örri þróun. Það var því nokkuð ljóst að Bolvíkingar myndu vinna 3.deildina nokkuð örugglega. Næstu sveitir að styrkleika voru svo TR c-lið og Akranesingar.

Staðan eftir fyrri hluta:

1. T.f. Bolungarvíkur b-sveit 21½
2. TR c-sveit 15½
3. Taflfélag Akraness 14
4. Taflfélag Reykjavíkur d-sveit 10
5. S.f. Reykjanesbæjar b-sveit 9
6. T.f. Garðabæjar b-sveit 9
7. Skákdeild Hauka c-sveit 9
8. Taflfélagið Hellir d-sveit 7

Allt nokkuð eftir bókinni og óvæntustu úrslitin naumur 3½-2½ sigur Bolvíkinga á TR c-sveit.

4.deild

Staðan eftir fyrri hluta:

1. Taflfélagið Mátar 19½
2. Tf. Bolungarvíkur c-sveit 18
3. Víkingaklúbburinn a-sveit 17½
4. SA c-sveit 16
- 5.-6. KR - b sveit 15½
- 5.-6. Sf. Goðinn a-sveit 15½
7. Skáklfélag Vinjar 15
- 8.-9. T.f. Vestmannaeyja b 14½
- 8-9 Tf. Bolungarvíkur d-sveit 14½
- 10.-12. KR - c sveit 13½
- 10.-12. S.f. Sauðárkróks 13½
- 10.-12. Sf. Siglufjarðar 13½

Þrjú lið kepptu í fyrsta sinn í Íslandsmóti Skáklfélaga, en það voru Mátar, Vinjarmenn og Skáklfélag Siglufjarðar.

Mátar voru efstir eftir fyrri hlutann í 4.deild. Mátar eru nýtt taflfélag sem samanstendur af Akureyr-ingum á höfuðborgarsvæðinu. Næstu lið voru c-sveit Bolvíkinga og Víkingaklúbburinn.



Akureyri skartaði sínu fegursta í seinni hluta Íslandsmótsins.

Seinni hlutinn

Seinni hluti Íslandsmóts Skákfélaga fór fram dagana 21. og 22. mars á Akureyri í tilefni af 90 ára afmæli Skákfélags Akureyrar.. Teflt var í Brekkuskóla. Nokkur forföll voru í 4. deild hjá stóru félögunum af höfuðborgarsvæðinu og hafa Akureyringar auglýst námskeið fyrir taffélög þar sem kennd verður liðstjórn og hvernig koma á liðum á milli landshluta til keppni ☺

1. deild



Úkraínskur liðsauki Bolvíkinga: Kryvoruchko, Areshchenko og Oleksienko.

Forskot Taffélags Bolungarvíkur á Taffélagið Helli minnkaði úr þrem vinningum í tvo í fimmtu umferð þegar Hellir gjörsigraði TR-b $7\frac{1}{2}-\frac{1}{2}$. Bolvíkingar unnu SA $6\frac{1}{2}-1\frac{1}{2}$. Haukar gerðu jafntefli við Hellir-b 4-4. Í lið Hauka vantaði bæði Kveynis og Ahlander sem voru tepptir í Kaupmannahöfn þar sem bilun varð í flugvél Iceland Express og komust þeir ekki í tæka tíð til Akureyrar. Haukamennt óskuðu eftir frestun á forsendum „samgönguerfiðleika“ en fyrir því er heimild í reglugerð. Mótsstjórn hafnaði enda hugsunin á bakvið ákvæðið væntanlega allt önnur en þessi.

Í sjöttu umferð jókst munur efstu liða aftur þegar Bolvíkingar unnu TR-b 7-1, á meðan að Hellir vann Fjölni 5-3. Í þessari umferð máttu Íslandsmeistararnir í TR sætta sig við sigur með minnsta mun á móti b-liði Hellis. Þetta var heldur ekki

umferð heimamanna því SA tapaði 7-1 á móti Haukum.

Í síðustu umferð tefldu tvö efstu liðin saman og ef Hellir næði að vinna 6-2 þá var titillinn þeirra. Sá draumur rættist þó ekki því Bolvíkingar gjörsigruðu úrslitaviðureignina $6\frac{1}{2}-1\frac{1}{2}$. Fjölnir sigldi örugglega í þriðja sætið með góðum 5-3 sigri á Helli b-sveit. Fjölnir mætti með veikara lið í seinni hlutann en þann fyrri og hefði hugsanlega náð þrem vinningum í viðbót með sterkara liðinu og tekið þannig annað sætið af Helli. Haukar unnu TR-b $6\frac{1}{2}-1\frac{1}{2}$ og Akureyringar bitu í skjaldarrendur og náðu glæsilegu 4-4 jafntefli á móti TR. Þessi úrslit urðu þess valdandi að Haukar tóku fjórða sætið af TR a-sveit. Baráttan um að falla ekki, var á milli SA, Hellir-b og TR-b þetta keppnistímabilið. Hellir-b ásamt Fjölni voru þau lið í deildinni sem stóðu sig best í ár. Það kom því í hlut Akureyringa og TR-b að falla í 2. deild.



Bolvíkingar ánægðir með fyrsta Íslandsmeistaratitil sinn.

Úrslitin í 1.deild

	1	2	3	4	5	6	7	8	Vinningar	Stig
1 Taíffélag Bolungarvíkur		6½	6	6	6	6½	6½	7	44½	14
2 Taíffélagið Hellir a-sveit	1½		5	5	3½	7	6	7½	35½	10
3 Skákdeild Fjölris	2	3		5½	3½	5	7	7	33	8
4 Haukar	2	3	2½		4	4	7	6½	29	6
5 Taíffélag Reykjavíkur a-sveit	2	4½	4½	4		4½	4	5	28½	10
6 Taíffélagið Hellir b-sveit	1½	1	3	4	3½		5	4	22	4
7 Skákfélag Akureyrar	1½	2	1	1	4	3		5½	18	3
8 Taíffélag Reykjavíkur b-sveit	1	½	1	1½	3	4	2½		13½	1

Hvernig bjóst Dr Eló við úrslitum viðureigna ?

	1	2	3	4	5	6	7	8	Vinningar
1 Tauffélag Bolungarvíkur		6,00	5,10	5,82	5,10	7,12	7,12	7,52	43,78
2 Tauffélagið Hellir a-sveit	2,00		5,74	4,69	3,72	6,32	6,25	6,64	35,36
3 Skákdeild Fjölris	2,90	2,26		4,90	2,51	4,27	6,24	6,48	29,56
4 Haukar	2,18	3,31	3,10		3,58	4,98	4,97	6,07	28,19
5 Tauffélag Reykjavíkur a-sveit	2,90	4,28	5,49	4,42		5,76	5,74	6,48	35,07
6 Tauffélagið Hellir b-sveit	0,88	1,68	3,73	3,02	2,24		4,01	3,82	19,38
7 Skákfélag Akureyrar	0,88	1,75	1,76	3,03	2,26	3,99		5,20	18,87
8 Tauffélag Reykjavíkur b-sveit	0,48	1,36	1,52	1,93	1,52	4,18	2,80		13,79

Tölur yfir stig liðanna í seinni hlutanum eru ekki nákvæmar þar sem einstök úrslit liggja ekki fyrir á ChessResults. Ég reyndi þó að áætla stig liðanna eftir bestu getu. Einnig er útreikningurinn ekki 100%, en ætti að vera nærri lagi.

Styrkleiki flestra liða lækkaði í seinni hlutanum, nema Bolvíkinga sem héldu óbreyttum styrk. Fjölris mætti með mun veikara lið í seinni hlutanum.

Athyglisvert er hve mikið samræmi er í áætluðum vinningafjölda hvers liðs samkvæmt Dr Eló og endanlegum vinningafjölda. Helst er það a-lið TR sem bíður afhroð. Fjölris og Hellir-b standa sig hins vegar best stigalega séð.

Óvæntustu úrslit:

SA - Haukar: 1-7
(áætlun 3-5)

TR-a - SA: 4-4
(áætlun 5,74-2,26)

TR-b -TR-a: 3-5
(áætlun 1,52-6,48)

Hellir-b-TR-a: 3½-4½
(áætlun 2,24-5,76)

Í öðrum viðureignum (24 stk) skeikaði minna en einum vinningi.

Meðalstig liðanna í fyrstu deild (veikast-sterkast):

Tf. Bolungarvíkur: 2520-2520
Tauffélagið Hellir a-lið: 2371-2405
Tauffélagið Fjölris: 2193-2424
Skákdeild Hauka: 2205-2361
TR a-lið: 2323-2425
Tauffélagið Hellir b-lið: 2169-2207
Skákfélag Akureyrar: 2171-2206
TR b-lið: 2074-2179

Í fyrra mættu TR-ingar sterkastir með meðalstig upp á 2487, Hellir 2478, Haukar 2406 og Fjölris 2397. Einhver veiking hefur því orðið á milli ára, ef frá er talin sveit Bolvíkinga.

2.deild

Tvö efstu liðin í 2.deild færast upp í 1.deild. Fyrirfram sterkustu liðin í 2.deild TV og KR mættust í

5.umferðinni. Leikar fóru þannig að Vestmannaeyingar unnu 4½-1½. Á meðan unnu Haukar-b SA-b 4-2 og voru komnir með mjög vænlega stöðu í baráttunni um hið eftirsóttanna sæti.


Fyrir lokaumferðina höfðu Haukar þriggja vinninga forskot á KR, en áttu að tefla við sterka sveit TV í síðustu umferðinni. KR gerði jafntefli 3-3 við Selfoss og Haukarnir töpuðu með minnsta mun 2½-3½ fyrir TV. Það eru því TV og Haukar-b sem tefla í 1.deild á næsta ári. Haukar eru ungt félag í skákinni og frábær árangur hjá þeim að vera núna komnir með tvö lið í efstu deild.

Hvítt: **Þorsteinn Þorsteinsson**
2288 TV

Svart: **Sigurður P Steindórsson**
2288 KR

Þessi skák var tefld í viðureign TV og KR í 2. deild á Akureyri en þetta var ein af úrslitaviðureignum í þeirri deild þetta árið.

1.d4 Rf6 2.c4 e6 3.Rf3 b6 4.g3 Bb7 5.Bg2 Be7 6.0-0 0-0 7.Rc3 d5 8.Re5 Ra6 9.cxd5 exd5 10.Bf4 Re4 11.Hc1 c5 12.Rxe4 dxe4 13.dxc5 Rxc5 14.Dc2 Hc8



15.Hcd1!

Eðlilegasti leikurinn er 15.Hfd1 Rd3!

15 - .De8 16.Bh3 Db5!?


Svartur fórnar skiptamun í von um

mótspil á kóngsvæng. Betra var 16. - Hd8 17.Hxd8 Bxd8 18.b4 Da4 19.Dxa4 Rxa4 20.Hc1. Hvítur er með þægilegt fumkvæði í þessu endatafli.

17.Bxc8 Bxc8 18.Rc4 Bg4 19.Bd6

Hvítur leitast við að einfalda stöðuna til að draga úr mótspili svarts á kóngsvæng

19. - Bxd6 20.Hxd6 f5 21.Hfd1 f4 22.Hd8 f3 23.Hxf8+ Kxf8 24.Hd8+ Ke7 25.Dd2 Rd7 26.He8+!



1-0

Skýringar: Þorsteinn Þorsteinsson



Vestmannaeyingarnir Sverrir Unnarsson, Sigurjón Þorkelsson og Björn Ívar Karlsson

Úrslitin í 2.deild

	1	2	3	4	5	6	7	8	Vinningar	Stig
1 Taflfélag Vestmannaeyjar	■	3½	4½	5½	4½	4½	4½	4½	31½	14
2 Haukar b-sveit	2½	■	2½	3	4	4½	4	5	25½	9
3 KR	1½	3½	■	3½	4½	3	4	3	23	10
4 Skákkfélag Reykjanesbæjar	½	3	2½	■	3	4	3	5	21	7
5 Taflfélag Garðabæjar	1½	2	1½	3	■	2½	3	4	17½	4
6 Taflfélagið Hellir c-sveit	1½	1½	3	2	3½	■	3	2½	17	4
7 Skákkfélag Akureyrar b-sveit	1½	2	2	3	3	3	■	2	16½	3
8 Skákkfélag Selfoss og nágrennis	1½	1	3	1	2	3½	4	■	16	5

3.deild

Bolvíkingar héldu uppteknum hætti og unnu sínar viðureignir með hreinu borði. Í síðustu umferð náðu þó Akranesingar 1½

vinningi af þeim. Það dugði Akranesingum til þess að verða jafnir TR-c og vinna annað sætið af þeim á stigum og flytjast upp í 2.deild.

Botnbaráttan var hnífjöfn, en það kom í hlut TR-d og Reyknesingab að falla niður í fjórðu deild.



B-sveit Bolvíkinga vann 3.deildina með yfirburðum: Elvar Karlsson, Árni Ármann Árnason, Guðmundur Halldórsson, Guðmundur Daðason, Guðmundur Stefán Gíslason, Halldór Grétar Einarsson og Magnús Pálmi Örnólfsson.

Úrslitin í 3.deild

	1	2	3	4	5	6	7	8	Vinningar	Stig
1 Taffélag Bolungarvíkur b-sveit	■	3½	3½	6	6	6	6	6	37	14
2 Taffélag Akraness	2½	■	3½	5½	4	3	3½	2½	24½	9
3 Taffélag Reykjavíkur c-sveit	2½	2½	■	3	4	3½	4	5	24½	9
4 Taffélag Garðabæjar b-sveit	0	½	3	■	2	3½	4½	4	17½	7
5 Taffélagið Hellir d-sveit	0	2	2	4	■	3	2	3½	16½	5
6 Haukar c-sveit	0	3	2½	2½	3	■	2½	3	16½	3
7 Taffélag Reykjavíkur d-sveit	0	2½	2	1½	4	3½	■	2½	16	4
8 Skákfélag Reykjanesbæjar b-sveit	0	3½	1	2	2½	3	3½	■	15½	5

4.deild

Mátar unnu 4.deildina örugglega eins og búist var við.

Hörkuspennandi barátta var um annað sætið. Bolvíkingar-c náðu að lokum að hreppa annað sætið hálfum vinningi á undan Víkingaklúbbnum. Með þessum árangri

kórónuðu Bolvíkingar góðan árangur sinn og verða með eitt lið í hverri deild, eins og þeir höfðu stefnt að, á næsta keppnistímabili.



Nýstofnað skákfélag Mátar heldur upp á sigurinn í fjórðu deild: Arngrímur Gunnhallsson, Skapti Ingimarsson, Pálmi Pétursson, Rúnar Sigurpálsson, Arnar Þorsteinsson og Þorleifur Karlsson.

Lokastaðan í 4.deild:

1. Mátar 32½
2. Bolungarvík-c 28
3. Víkingaklúbburinn 27½
4. SA-c 26
5. TV-b 25½
6. KR-c 24½
7. KR-b 24
8. Bolungarvík-d 24
9. Goðinn 23
10. SA-e 22½

Umfjöllun:

Halldór Grétar Einarsson Tafífélagi Bolungarvíkur

Reykjavíkurskák mótið 2009



Metþátttaka var á Reykjavíkurskák mótinu, þar sem að 110 skákmenn leiddu saman hesta sína.

Mótið var haldið í hjarta miðbæjarins í rúmgóðu húsnæði Listasafns Reykjavíkur. Er óhætt að segja að sú aðstaða býður uppá góðar aðstæður fyrir keppendur og ekki síður áhorfendur. Mótið þótti takast í alla staði vel og verður vonandi framhald á veglegri árlegri skákhátíð í Reykjavík þrátt fyrir þrengingar.

Meðal þátttakenda voru núverandi skákmeistari Bandaríkjanna GM Yuri Shulman, núverandi skákmeistari Svíþjóðar GM Tiger-Hillarp Persson, núverandi heimsmeistari unglinga GM Abhijeet Gupta og Íslandsvinurinn GM Stuart Conquest. Auk þess er vert að geta hóps sterkra úkraínskra stórmeistara, en þá leiddi stigahæsti skákmaður mótsins GM Alexander Areshchenko.

Allt eru þetta þekkt nöfn í skákheiminum, en alls tefldu 41 titilhafi eða 19 stórmeistarar, 2 stórmeistarar kvenna og 20 alþjóðlegir meistarar í mótinu.

Flestir sterkustu íslensku skákmennirnir tóku þátt og má þar nefna stórmeistarana Hannes Hlífar Stefánsson, Héðinn Steingrímsson, Henrik Danielsen og Þröst Þórhallsson.

Fyrirfram voru ekki miklar líkur taldar á íslenskum sigri, en vonir stöðu til þess að efnilegir íslenskir skákmenn myndu e.t.v. landa áföngum að alþjóðlegum titlum og stigahækkunum.

Mótið byrjaði vel og menn eins og Jón Árni Halldórsson, Sverrir Þorgeirsson, Helgi Brynjarsson og Þorsteinn Þorsteinsson áttu góða spretti. Áfangaveiðararnir höfðu hljótt um sig og einungis Hjörvar Steinn Grétarsson var í áfangaséns í mótinu. Hefði hann gert jafntefli í síðustu umferð á móti indversku skákdrottningunni Dronavalli Harika (2473) þá hefði hann landað sínum fyrsta alþjóðlega áfanga. Það tókst ekki, en enginn efast um að áfangarnir eiga eftir að koma í hús seinna hjá þessum unga og sterka meistara.

Íslensku stórmeistararnir Héðinn Steingrímsson og Hannes Hlífar Stefánsson byrjuðu vel í mótinu. Héðinn var eftir 4. umferðir í 2.-7. sæti. Hann gaf síðan aðeins eftir í næstu þremur umferðum með jafnteflum við stigahæstu menn

mótsins. Um tíma virtist úkraínski stórmeistarinn Yuriy Kryvoruchko hafa örugga forystu í mótinu. En með glæsilegum endaspretti þar sem þeir Héðinn og Hannes unnu báðir tvær síðustu skákirnar sínar björguðu þeir mótinu fyrir okkur Íslendinga og tryggðu íslenskan sigur.

Fjórir áfangar náðust á mótinu. Ítalinn Daniel Vocaturo náði stórmeistaraáfanga, Ítalinn Denis Rombaldoni, Ísraelinn Uri Zak og Frakinn Fabien Guilleux náðu áföngum að alþjóðlegum meistaratitli.



Mótsstjóri var Björn Þorfinnsson framkvæmdastjóri Skákakademíu Reykjavíkur, en hún hélt mótið fyrir hönd Skáksambands Íslands. Skákstjórar voru Gunnar Björnsson, Ólafur S. Ásgrímsson og Páll Sigurðsson, sem jafnframt var tæknistjóri mótsins.

Mestu stigahækkarir Íslendinga:

1. Kristján Örn Elíasson 40 stig
2. Tinna Kristín Finnbogadóttir 31 stig
3. Jón Árne Halldórsson 27 stig
4. Geirþrúður Anna Guðmundsdóttir 25 stig
5. Hjörvar Stein Grétarsson 24 stig
6. Dagur Andri Friðgeirsson 23 stig
7. Sverrir Þorgeirsson 23 stig
8. Sigríður Björg Helgadóttir 21 stig
9. Frímann Benediktsson 17 stig
10. Svanberg Már Pálsson 15 stig

Besti stigaárangur Íslendinga:

1. Héðinn Steingrímsson 2673 stig
2. Hannes Hlífar Stefánsson 2667 stig
3. Henrik Danielsen 2408 stig
4. Þröstur Þórhallsson 2397 stig
5. Hjörvar Steinn Grétarsson 2380 stig
6. Guðmundur Kjartansson 2379 stig
7. Bragi Þorfinnsson 2346 stig
8. Stefán Kristjánsson 2346 stig
9. Björn Þorfinnsson 2331 stig
10. Jón Árne Halldórsson 2320 stig

		Nafn		Stig	Vinn.	Stig	Perf.
1	GM	Héðinn Steingrímsson	ISL	2547	7.0	51.0	2673
2	GM	Kryvoruchko Yuriy	UKR	2604	7.0	51.0	2674
3	GM	Hannes Hlífar Stefánsson	ISL	2563	7.0	49.0	2667
	GM	Marin Mihail	ROU	2556	7.0	49.0	2654
5	GM	Areshchenko Alexander	UKR	2673	6.5	53.0	2617
6	GM	Shulman Yuri	USA	2639	6.5	51.0	2627
7	IM	Vocaturo Daniele	ITA	2445	6.5	50.5	2642
8	IM	Roussel-Roozmon Thh	CAN	2479	6.5	44.5	2536
9	IM	Popovic Milos T	SRB	2400	6.5	42.5	2471
10	IM	Shytaj Luca	ITA	2453	6.5	42.0	2486
11	GM	Maze Sebastien	FRA	2579	6.0	49.5	2555
12	GM	Conquest Stuart C	ENG	2531	6.0	49.5	2553
13	IM	Grandelius Nils	SWE	2464	6.0	48.0	2511
14	GM	Gupta Abhijeet	IND	2569	6.0	46.0	2502
15	GM	Nataf Igor-Alexandre	FRA	2533	6.0	45.0	2508
16	GM	Williams Simon K	ENG	2507	6.0	43.5	2437
17	GM	Siebrecht Sebastian	GER	2440	6.0	43.0	2458
18	IM	Harika Dronavalli	IND	2473	6.0	40.5	2381

Sjá nánar um úrslit á: <http://chess-results.com/tnr18947.aspx>



Héðinn Steingrímsson, Hannes Hlífar Stefánsson, Mihail Marin, Yuriy Kryvoruchko og Björn Þorfinnsson.

1.umferð


Það urðu óvænt úrslit í fyrstu umferð Reykjavíkurskákmoðsins. Jón Árni Halldórsson (2162) sigraði slóvakíska stórmeistarann Stefan Macak (2527), Vigfús Ó. Vigfússon (2027) sigraði serbneska alþjóðlega meistarann Miodrag Perunovic (2439) og hinn ungi og efnilegi skákmaður Sverrir Þorgeirsson (2094) sigraði alþjóðlega meistarann Stefán Kristjánsson (2472).

Sævar Bjarnason (2211) gerði jafntefli við indverska stórmeistarann Abhijeet Gupta (2569), og Helgi Brynjarsson (1949) gerði jafntefli við serbneska alþjóðlega meistarann Milos T. Popovic (2400).

Hvít: **Patrekur Maron Magnússon** 1902

Svart: **Guðmundur Stefán Gíslason** 2351

1.e4 c5 2.Rf3 d6 3.d4 cxd4
4.Rxd4 Rf6 5.Rc3 a6 6.Bg5 Rbd7
7.f4 h6 8.Bxf6 Rxf6 9.h3
Skákin er farin úr alfaraleið
9. - e5 10.fxe5 dxe5 11.Rf3 Db6




Svartur er komin með betri stöðu. Núna tapast maður ef leikið er 12.Rxe5 eftir Dxb2.
12.Dd2 Bb4 13.Bd3 Be6 14.a3
Bd6 15.0–0–0 Hc8



16.g4

Hérna átti hvítur að vísu 16.Bxa6. Svartur kemur í veg fyrir það í næsta leik. En hvítur bregst í grunninn rétt við sókn svarts með því að sækja sjálfur.

16. - Hc6 17.g5 Rh5 18.Rd5 Bxd5
19.exd5 Hc7




20.Hhe1

Hvítur hefur snúið taflinu við og svartur á í vök að verjast.

20. - He7 21.Dc3! hxg5 22.Rxe5
0–0 23.Rc4 Dd8 24.Rxd6 Hxe1
25.Hxe1 Dxd6 26.De5!

Býður svörtum upp á drottningaruppskipti. Þar sem svartur er mun stigahærri þá freistast hann til að halda drottningunum inni á borðinu, en við það fær hvítur mun betri stöðu. Best var 26. - Dxe5 27.Hxe5 Rf4 28.Hxg5 Hd8 29.Bc4 Rxh3.

26. - Dh6 27.Kb1 Rf4 28.Bc4 b5
29.Bb3 Hd8



30.Dc7!

Patrekur hefur teft síðustu fjórtán leiki óaðfínanlega á móti hinum sterka ísfirski andstæðingi sínum. Eftir þennan góða leik er hann kominn með mun betri stöðu.


30. - Df6

30. - Dd6 er að sjálfsögðu svarað með 31.He8+ og vinnur lið.

31.d6


31.He7! var betri. 31. - Hd6 32.Ka1! (Varnaráætlun í boði Rybku. Svartur er hálf leiklaus) 32. - a5 33.Hxf7 Dxf7 34.Dxd6 Re2 35.Ba2!.

31. - Hxd6 32.He8+ Kh7 33.Bxf7
Rd5 34.Bg8+ Kh6 35.Dxd6 Dxd6
36.He6+ Dxe6 37.Bxe6



Hvítur er búinn að stýra taflinu í öruggt jafntefli. Ekki slæmt í fyrstu umferð á móti mun stigahærri andstæðingi.

37. - Rf4 38.Bc8 a5 39.Bd7 b4
40.axb4 axb4 41.Bg4 Rd5 42.Ka2
Re3 43.Kb3 Kg6 44.Kxb4 Rxc2+
45.Kc3 Re3 46.Kd4 Rc2+ 47.Kc5
Kf6 48.Bd1 Re3



49.Ba4 49.Bf3! 49...g4 50.hxg4
Rxc4 51.b4 Re5 52.b5 Ke7 53.b6
Rd7+

Og hér var samið um jafntefli.
Vel tefld skák hjá Skóla-
skákmeistara Íslands.

½-½

Hvítt: **Mads Andersen** 2190

Svart: **Héðinn Steingrímsson**

2547

Sikileyjarvörn B92

Í fyrstu umferð tefldi ég við Mads
Andersen, 14 ára strákur frá
Danmörku.

Eftir skákina frétti ég að Mads er
einn efnilegasti skákmaður Dana.
Eftir góðan árangur að undan-
förnu m.a. á Reykjavíkurskák-
mótinu, en hann endaði með
5 vinninga og á danska
meistaramótinu sem að hófst
skömmu eftir Reykjavíkurskák-
mótið, en þar gerði hann sér
lítið fyrir og endaði í 4.sæti mun
hann á næsta stigalista vera með
tæp 2350 ELO stig. Segja má að
það hafi komið mér til góða í
stigaútreikningnum í lokin að
hafa fengið að tefla við kappann í
fyrstu umferð, en þar var árangur
þeirra sem maður teldi við í
mótinu lagður til grundvallar.

1.e4 c5 2.Rf3 d6 3.d4 cxd4
4.Rxd4 Rf6 5.Rc3 a6 6.Be2 e5
7.Rb3 Be7 8.Be3 Be6 9.Rd5 Rbd7
10.Dd3 0-0 11.0-0 Bxd5 12.exd5
Hc8 13.c4 a5 14.Hae1 b6 15.Rd2
Rc5 16.Dc2 Rfd7 17.Rb1 f5
18.Rc3 e4 19.f4 exf3 20.Hxf3 Bg5
21.Bxg5 Dxg5 22.Hef1 g6 23.a3
Hce8 24.b4 axb4 25.axb4 Re4
26.Rxe4 Hxe4 27.Hg3 De7
28.Bd3 He1 29.Df2 He5 30.Dd4

Df6 31.Bc2 Ha8 32.Dc3 Kg7
33.Dd3 Ha2 34.Db3 Ha7 35.Dd3
h5




Svartur hefur aðeins betri stöðu.
Helsta vandamál hvíts er að hann
hefur enga virka áætlun og
verður að bíða áhlaups svarts og
reyna að halda sér fast. Kannski
ekki óska hlutverk fyrir 14 ára
gutta.

36.h4?

Þessi leikur er byggður á yfirsjón
36. - Dxb4! 37.Df3

Ekki gekk að fórná hróknum eins
og upphaflega var ætlunin:
37.Hxg6+ Kxg6 38.Hxf5 Hxf5
39.Dxf5+ Kg7 40.Dh7+ Kf8
41.Dh8+ Ke7 42.Dg7+ Kd8
43.Dh8+ Kc7




og svartur vinnur

37...Kh6

Núna er svartur sælu peði yfir.


38.Df2 Kh7 39.Hh3 Dxf2+
40.Hxf2 He1+ 41.Kh2 Rf6 42.Kg3
Kh6 43.Kf3 Rg4



Mads gafst upp.

0-1

Framhaldið hefði getað orðið:
44.Hd2 He3+ 45.Kf4 g5+ 46.Kxf5
Hf7 mát



Skýringar: Héðinn Steingrímsson

2.umferð

Jón Árna Halldórsson gerði
jafntefli við þýska stórmeistarann
Sebastian Siebricht (2440),
Sverrir Þorgeirsson (2094) gerði
jafntefli við danska alþjóðlega
meistarann Esben Lund (2421) og
Helgi Brynjarsson (1949) vann
Svisslendinginn Marcel Hug
(2257). Þremmenningarnir hafa
allir teflt við umtalsvert
stigahærri andstæðinga í fyrstu
tveim umferðum.

Hvítt: **Héðinn Steingrímsson**

2547

Svart: **Guðmundur Kjartansson**


2365

Drottningarbragð A00

Í annarri umferð tefldi ég við
Guðmund Kjartansson.
Guðmundur stóð sig vel í mótinu
og fékk 4,5 vinning.

1.d4 Rf6 2.c4 e6 3.Rf3 d5 4.Rc3

Be7 5.Bf4 0-0 6.e3 c5 7.dxc5
Bxc5 8.a3 Rc6 9.b4 Bd6 10.cxd5
Rxd5 11.Rxd5 exd5 12.Bg5 Dc7!?




Eftir rólega byrjun þar sem að svartur tók á sig stakt það, bíður svartur núna hvít að drepa staka þaðið. Ekki er þó hollt að taka það vegna þess að þá verður hvítur eftir á í liðsskipan.

13.Hc1

13.Dxd5?! Be6! (13. - Bxb4+? 14.axb4 Rxb4 15.Dc4! Rc2+ 16.Kd2 Dxc4 17.Bxc4 Rxa1 18.Hxa1 og hvítur stendur mun betur) 14.Dd2 f6 15.Bh4 Hfd8 svartur hefur góðar bætur fyrir þaðið.


13. - Be6 14.Bd3 Dd7 15.Bh4

Hér var líka hægt að hróka 15.0-0 15. - a5 16.b5 Re7 17.Da4 Rf5 18.0-0 Rxh4 19.Dxh4 h6 20.a4 Hac8 21.Rd4



Guðmundur hefur teflt vel og staðan er ekki langt frá því að vera í jafnvægi. Helstu möguleikar hvíts felast í því að drepa biskupinn á e6 og sækja síðan að þaðaveikleikum sem að myndast í kjölfarið.

21...Hxc1 22.Hxc1 Hc8 23.Hxc8+ Dxc8




Hér bauð Guðmundur jafntefli.

24.Rxe6

Hugsanlega var nákvæmara að leika 24.g3 strax með hugmyndinni 24. - Bh3 (24. - Be5?! 25.Rxe6 fxe6?! leiðir til sömu stöðu og kom upp í skákinni) 25.Bf1 hér getur framhaldið orðið: 25. - Bxf1 26.Kxf1 Dc4+ 27.Kg2 Bc5 (eftir 27. - Dxa4 28.Dd8+ Bf8 29.Dxd5 stendur hvítur vel) 28.Rf3 Dxh4 29.Rxh4 hvítur stendur aðeins betur. Einnig kom til greina að leika 24.Dh5!?

24. - fxe6 25.g3




Þessi staða er athyglisverð. Hvítur stendur örlítið betur m.a. vegna þess að svartur hefur veikt það á e6. Einnig getur hvítur leikið b6 og gefið svörtum veikt það á b7. Guðmundur taldi eftir skákin að hann hefði átt að geta haldið þessari stöðu.


25. - Be5?

Hér verður Guðmundi á í messunni. Hugmyndin með þessum leik er góð þ.e. að leika Kf7 og valda veika e6 þaðið. Hins vegar opnast núna leið fyrir hvítu

drottninguna inni hjarta svörtu stöðunnar. Betra var: 25. - Kf7 eins og Guðmundur stakk uppá eftir skákina. 26.b6!




er sennilega sterkur leikur. Svartur á ekki hægt um vik að sækja að þaðinu t.d. 26. - Bc5?! (einnig leiðir 26. - Dc5?! 27.Dd8; eða 26. - Dc6?! 27.Dd8 til betri stöðu fyrir hvítan. Það gæti verið best fyrir svartan að reyna að halda sér fast með 26. - Kf8 hvítur hefði þá reynt að bæta stöðu manna sinna með t.d. Kg2 og reyna síðan að leika e4 með hugmyndinni að sækja að e6 og b7 þaðum svarts.) 27.Df4+! Ke7 28.De5



og hvítur stendur betur. Einnig kom 25. - Df8 til greina með hugmyndinni að koma svörtu drottningunni í vörnina á kóngsvængnum

26.De7!




Núna stendur svartur frammi fyrir mjög erfiðum vandamálum **26. - Bf6**

Eins og framhaldið á skákinni sýnir þá verður svartur að reyna að virkja menn sína. Með það í huga kom til greina að leika 26. - d4 jafnvel þó að eftir 27.e4 hafi nýir veikleikar myndast hjá svörtum.

27.Dd6

Hvítur stendur sennilega til vinnings.

27...Kf7 28.b6!




28. - Dd8 29.Dc5

29.Dc7+ De7 30.Bb5 með hugmyndinni að leika Bd7 var annar möguleiki.

29. - De7 30.Dxa5 Be5

Svartur er orðinn of seinn að reyna að skapa mótspil t.d. 30. - d4 31.e4 Da3 32.Db5 Be7 33.Dh5+ og hvítur á óstöðvandi sókn 33. - g6 (33. - Kg8 34.De8+ Kh7 35.Be2 með hugmyndinni að máta með Bh5-g6) 34.Df3+ Kg7 35.e5 með hótunninni Dxb7 og De4.


31.Da8 Bd6 32.Kg2 e5 33.Dc8 Bc5 34.a5 d4 35.e4



Svartur gafst upp.

1-0


Lærdómsrík staða. Vegna þess að drottningar eru inná borðinu, auka mislitu biskuparnir yfirburði hvíts. Hvíti biskupinn nýttist vel í mátsókn að svarta kónginum og til þess að ráðast á veika peðið á b7. Svarti biskupinn hefur ekkert sem að hann getur ráðist á og nýttist líka illa í vörninni. Fyrir svipað dæmi, sjá nýlega skák Aronian-Ivantschuk.



Aronian (2754) - Ivanchuk (2746)
FIDE Grand Prix mót í Nalchik

Hvítur stendur betur vegna þess að biskup hans er virkari en svarti biskupinn. Hvítur getur leikið Bc4 og sett á f7 peðið. Einnig getur hvítur pressað b6 peðið.

26.Kg2 h5 27.De4 Bc3 28.Db7 Bf6 29.Bc4 De7 30.Dd5 h4 31.e4 hxg3 32.hxg3 Bd4 33.f4




Hvítur ætlar að leika e4-e5 og síðan Dc6 til að setja á b6 peðið. Eftir það getur hvítur reynt að leika e6.

33. - f6?!

Ónákvæmni. Betra var að halda sér fast og reyna að leika g5 eftir að hvítur leikur e5.


34.Kf3 Kh6 35.Dg8 g5 36.e5



36. - fxe5?


Betra var að reyna að halda sér fast með 36. - Dg7 enda þó að hvítur geti sótt að svarta kónginum eftir 37.fxg5+

37.Bd3!



Núna nær hvítur mátsókn.

37. -e4+ 38.Bxe4 Dg7 39.De6+ Df6 40.Dd7



1-0

Skýringar: Héðinn Steingrímsson

3.umferð

Jón Árni Halldórsson (2162) hélt áfram góði gengi en í þriðju umferð gerði hann jafntefli við danska alþjóðlega meistarann Esben Lund (2421) og er meðal þeirra Íslendinga sem hafa 2 vinninga. Það er einnig Þorsteinn Þorsteinsson (2288) sem gerði sitt annað jafntefli við stórmeistara, að þessu sinni Bandaríkjamanninn Vinay S. Bhat (2495).



Jón Árni Halldórsson

Hvítt: Robert Ris 2436

Svart: Héðinn Steingrímsson 2547

Slavnesk vörn A00

Robert Ris er ungur hollenskur skákmaður sem tefldi með okkur í Fjölni í seinni hluta Íslandsmóts Skákfélaga. Hann teflir yfirleitt mjög hvassar byrjunar og því átti ég ekki von á uppskiptaafbrigði slavneskrar varnar. Robert fékk 5,5 vinninga á Reykjavíkurskáknotinu.

1.d4 d5 2.Rf3 Rf6 3.c4 c6 4.cxd5

cxd5 5.Rc3 Rc6 6.Bf4 Bf5 7.e3 e6 8.Db3 Bb4 9.Bb5 0-0



Hér var samið jafntefli.

1/2-1/2

Framhaldið hefði getað orðið: 10.Bxc6 Bxc3+ 11.Dxc3 Hc8 12.Re5 Rg4 13.Rxg4 Bxg4 14.Db4 Hxc6 15.Dxb7 Dc8 16.Dxc8 Hfxc8 svörtu hrókarnir eru hér mjög virkir og vega fyllilega upp umframpeð hvíts 17.0-0 a5 18.f3 Bf5 19.Hfe1 Bg6 20.b3 f6 21.e4 dxe4 22.fxe4 Hd8 23.Had1 Hc2 24.e5 fxe5 25.Bxe5 Hxa2= 26.Ha1 Hxa1 27.Hxa1 Hd5 28.Hc1 Hd7 29.Hc5 Ha7 30.Hc7 Hxc7 31.Bxc7 Bc2 32.Bxa5 Bxb3 og hér var jafntefli samið í fyrstu skák heimsmeistaraeinvígis Anand og Kramnik, sem fór fram í Bonn á síðasta ári og lauk með sigri Anand. Ég horfði á skákir einvígisins eftir að ég kom frá keppni með íslenska landsliðinu á World Mind Games í Peking, Kína.

Skýringar: Héðinn Steingrímsson

4.umferð

Héðinn Steingrímsson (2547) er í 2.-7. sæti með 3,5 vinninga að lokinni fjórðu umferð Reykjavíkurskáknotsins. Enski stórmeistarinn Stuart Conquest (2531), er efstur með fullt hús vinninga.

Hannes Hlífar Stefánsson (2563), Henrik Danielsen (2482), Stefán Kristjánsson (2472) og Björn Þorfinnsson (2408) koma næstir íslenskra keppenda með 3 vinninga hvor ásamt Þorsteini Þorsteinssyni (2288) sem fer mikinn og vann nú ítalska

alþjóðlega meistarann Luca Shytaj (2453).

Þetta voru ekki einu óvæntu úrslitin, því að Hjörvar Steinn Grétarsson (2279) gerði jafntefli við bandaríska stórmeistarann Vinay Bhat (2495), Róbert Lagerman (2368) gerði jafntefli við slóvakíska stórmeistarann Stefan Macak (2527) og Sverrir Þorgeirsson (2094) gerði jafntefli við alþjóðlega meistarann Jón Viktor Gunnarsson (2463).

Hvítt: Luca Shytaj 2453 Svart:

Svart: Þorsteinn Þorsteinsson 2288

Tískuvörn B15

Þessi skák var tefld í fjórðu umferð Reykjavíkurskáknotsins. Ég var búinn að tefla við stórmeistara í annarri og þriðju umferð og sleppa þeim báðum með jafntefli í svo til unnum stöðum þannig að mér fannst vera kominn tími til að innbyrða vinning. Þetta tókst í þessari skák en vinningurinn var vægast sagt langsóttur.

1.e4 g6 2.d4 Bg7 3.Rc3 c6 4.f4 d5 5.e5 h5 6.Rf3 Rh6 7.Be2 Bg4 8.0-0 e6 9.Be3 Rf5 10.Dd2 Bf8 11.Bf2 Rd7 12.Had1 Bb4

Leikur sem er gerður til að lokka fram 13.a3

13.a3 Be7 14.h3 Bxf3 15.Bxf3 h4




Svartur hefur a.m.k. jafnað taflíð eftir þennan leik.

16.Ra4?! b5 17.Rc3


17.Rc5? Rxd4!

17. - Rb6 18.Dd3 a5 19.Ha1 Kf8 20.a4 b4 21.Rd1 Dc7 22.Re3 c5 23.dxc5 Bxc5 24.Rxf5 gxf5 25.c3 bxc3 26.Hac1 Bxf2+ 27.Hxf2 Da7!



Góður leikur sem heldur hvíti niðri vegna leppunar hróksins á f2

28.b3 Kg7 29.Hxc3 Hhc8 30.Be2 Rd7 31.Hxc8 Hxc8 32.g3 Rc5 33.De3 hxc3 34.Dxc3+ Kf8 35.De3 Hc7 36.Bb5 Re4 37.Dxa7 Hxa7 38.Hc2 f6!




Endataflið gengur út á kapphlaup hvítu peðanna á drottningarvæng og svörtu peðanna á kóngsvæng. Þessi leikur er mikilvægur liður í því að flýta fyrir framrás svörtu peðanna á kóngsvæng.

39.Hc8+ Kg7 40.Kg2 fxe5 41.fxe5 Kh6 42.Hc6 Hg7+ 43.Kf3 Rg5+ 44.Ke3 Kh5 45.Ha6 Kh4 46.Hxa5 Rxh3 47.Kd4 f4 48.Ha8 f3 49.Hf8 Kg3 50.a5 Hb7 51.Hg8+ Kf2 52.Kc5 Rf4 53.a6 Hh7 54.b4?

Hér leikur hvítur skákinni niður í tap. Betra var 54.Kb6 d4 55.a7 Rd5+ 56.Ka6 Ke3 57.Hd8 Rb4+ 58.Kb6 Hxa7 59.Kxa7 d3 60.Hh8 d2 61.Hh1 Rd3 62.Bxd3 Kxd3 63.b4 Ke2 64.b5 f2 65.b6 f1D 66.Hxf1 Kxf1 67.b7 d1D 68.b8D Ke2 með jöfnu tafli.

54. - Ke3 55.Hf8 f2 56.Bf1 d4 57.Hxf4 Kxf4 58.Kxd4 Hh1 59.Bb5 Hd1+ 60.Kc3 Kxe5 61.Be2 Hd8 62.b5 Kd6 63.Kb4 Kc7

64.Ka5 Hd5 65.Bf1 e5 66.Bc4 Hc5 67.Be2 e4!



Svartur lokar línunni h1–a8 sem endanlega gerir út um vonir hvíts **68.Bf1 Hc1 69.b6+ Kb8 70.Bg2 Ha1+**

0–1

Skýringar: Þorsteinn Þorsteinsson

Hvít: **Héðinn Steingrímsson**
2547

Svart: **Sebastian Siebrecht** 2440
Nimzo-indversk vörn E32

Sebastian Siebrecht er viðkunnanlegur þýskur stórmeistari sem heillast hefur af landi og þjóð. Hann fékk 6 vinninga á Reykjavíkurskáknotinu og vann þar með til verðlauna.


1.d4 Rf6 2.c4 e6 3.Rc3 Bb4 4.Dc2 b6 5.a3 Bxc3+ 6.Dxc3 0–0 7.Rf3 Bb7 8.e3 d6 9.Be2 Rbd7 10.0–0 Re4 11.Dc2 f5 12.b4 Hf6 13.d5 exd5 14.Hd1

Venjulega leikur hvítur 14.Bb2 hérna og leikur síðan hinum hróknum til d1.

14. - dxc4 15.Bxc4+ Kh8 16.Bd5 Bxd5 17.Hxd5 c5! 18.Rh4

Hugsanlega var betra að leika hér 18.Bb2 Hf7 19.Had1 De7 20.Rd2! og ljúka þannig liðsskipan og skipta uppá sterka riddaranum á e4. Svo virðist sem að hvítur muni vinna peðið til baka í framhaldinu.

18. - Dg8 19.Hxf5 Hxf5 20.Rxf5 De6



Eftir frumlega taflmennsku hefur svartur nokkuð góða stöðu. Hér bauð Siebrecht mér því jafntefli.

21.Rg3

Ég vildi halda áfram. Hins vegar stendur hvítur ekki betur þegar hér er komið sögu. 21.g4 kom líka til greina með hugmyndinni að stugga við svarta riddaranum með því að leika f3.

21. - Rxc3 22.hxc3 Rf6

22. - Re5 var annar möguleiki.

23.Bd2

23.Bb2 kom einnig til greina með hugmyndinni 23. - Rg4 24.He1 og 24. - Dh6 er svarað með 25.Df5! (25.De4?? er mjög slæmur leikur hér og einnig í svipaðri stöðu með Bd2 í stað Bb2 vegna 25. - Dh1+)


23. - Rg4 24.He1 Hf8?!

Hótar Dh6, en betra var að undirbúa það að koma riddaranum fyrir á d3 með því að leika 24. - c4!? sem hvítur hefði svarað með 25.Bc3.

25.f3 Re5


Svartur hefur teflt soldið of beint og hvítur hefur fengið tíma til að koma mönnum út. Hvítur stendur betur.

26.Bc3 Rc4 27.e4!



Gefur svörtum ekki tíma til að leika d5.

27. - Kg8 28.Da4! Df7 29.Hd1! Re3 30.Hd3 Rc4




Hvítur stendur talsvert betur m.a. vegna þess að svarta riddarann skortir fóttfestu á c4. Einnig er svarta peðið á d6 veikt. Hvítu mennirnir standa allir vel.

31.Da6

Bæði 31.Dd1 með hugmyndinni að leika Dc1 og a4 og hóta í mörgum tilvikum bxc5 t.d. eftir 31. - Hc8 þá 32.bxc5! og 31.bxc5 bxc5 32.Db5 Rxa3 33.Da6 Rc4 34.Hd5 kom líka til greina. Svartur á erfiða vörn fyrir höndum.

31. - h6




32.Da4

Hér kom til greina að hefja sókn að svörtu kóngsstöðunni með því að leika 32.g4!? Hugmyndin er að leika síðan í framhaldinu Hd5 og g5 t.d. 32 - Kh7 hér getur hvítur undirbúið sóknina með því að leika fyrst 33.a4 með hugmyndinni að leika í sumum tilvikum a5. 32.a4 strax kom einnig til greina.


32. - Kh7 33.Dd1 He8 34.Dc1 Hd8?!

Hótar að leika d5, en hvítur kemur auðveldlega í veg fyrir það **35.Hd5**



35. - cxb4

35. - Hc8 er svarað með 36.b5 **36.axb4 Hc8 37.g4**



Svarti kóngurinn er í bráðri hættu. Hvítur hótar að leika g5 og opna svörtu kóngsstöðuna. Allir hvítu mennirnir taka þátt í kóngssókninni.


37. - Re5 38.De3 Dc7 39.Bd4

Ónákvæmni rétt fyrir tímamörkin (39.Bd2!).

39. - Rc6?!

Betri möguleiki til að verjast var að fara út í verra endatafl fyrir svartan með 39. - Dc1+

40.Bc3 Re5



41.Bd2!

Rétti leikurinn fannst eftir að

tímamörkunum hafði verið náð.


41. - Rc4 42.Df4 Kg8

Eftir 42. - Rxd2 43.Hxd2 sækir hvítur að peðinu á d6 og hótar jafnframt að opna svörtu kóngsstöðuna með því að leika g5 43. - Dc1+ 44.Kh2 Hc2 er svarað með 45.Df5+.

43.Bc3

Hvítur stendur nú mun betur.

43. - Hf8 44.Dg3




44. - a5

Ekki dugar að skipta uppá drottningunum með 44. - Df7 45.g5 Df4 vegna 46.Dxf4 Hxf4 47.gxh6 gxh6 48.b5 með hugmyndinni að sækja að d6 peðinu með því að leika Bb4 og eða Hd4 eftir atvikum.

45.bxa5 bxa5

45. - Rxa5 46.Bd4

46.g5



Það er ljóst að svartur mun ekki ná að standa af sér hvítu sóknina. Hann reynir því að skapa sér mótspil.


46. - Re3 47.Hd3 Db6

47. - Dc5 er hægt að svara bæði með Df2 og gxh6.

48.Df2 Rc4 (48. - Rc2 49.Dxc5 dxc5 50.gxh6 gxh6 51.Bxa5) 49.Dxc5 dxc5 50.g6! með

hugmyndinni að leika Rd7.
48.gxh6 Rf5+ 49.Df2 Rxh6
50.Dxc5 dxc5 51.Bxa5
Svartur er varnarlaus.

48.Dxd6



Hvítur stendur til vinnings.

48. - Db1+


48. - Dxd6 49.Hxd6 hxg5 50.Kf2

49.Kf2


49.Kh2 var annar möguleiki

49. - Rg4+

Eftir 49. - Df1+ 50.Kxe3 Dg1+
51.Kd2 Dxc2+ 52.Kd1 vinnur
hvítur t.d. 52. - Dxc5 53.Dd5+



50.Kg3 h5 51.fxc4 Df1 52.gxh5
Hf2 53.De6+



Svartur gafst upp því að hann er
óverjandi mát.

1-0

Skýringar: Héðinn Steingrímsson

5.umferð

Héðinn og Henrik hafa 4 vinninga og eru í 3.-11. sæti að lokinni fimmtu umferð. Björn Þorfinnsson (2408) gerði jafntefli við indverska stórmeistarann Abhijeet Gupta (2569) með frækilegri vörn og er næstur Íslendinganna með 3,5 vinninga ásamt Hannesi Hlífari Stefánssyni (2563). Efstir með 4,5 vinninga eru úkraínski stórmeistarinn Yuri Krivoruchko (2604) og Frakkinn Fabian Guillel (2303) en frammistaða þess síðarnefnda kemur mjög á óvart enda aðeins 48. stigahæsti keppandinn.

Hvítt: **Daniele Vocaturo** 2445

Svart: **Héðinn Steingrímsson**
2547

Caro-Kann vörn D41

Ítalinn Daniele Vocaturo hefur tekið stórstígum framförum undanfarið. Hann mun vafalaust verða næsti stórmeistari Ítala og mun hafa 2500 ELO stig á næsta stigalista. Hann er þjálfður af rúmenska stórmeistarannum Mihail Marin. Marin hefur áður þjálfað m.a. Judit Polgar. Vocaturo náði stórmeistara-áfangi á Reykjavíkurskákímótinu og lenti í 7. sæti með 6,5 vinning, hálfum vinning frá efstu mönnum, en Marin þjálfari hans fékk 7 vinninga og varð í 4 sæti á stigum.

1.e4 c6 2.c4 d5 3.exd5 cxd5
4.cxd5 Rf6 5.Rc3 Rxd5 6.Rf3 e6
7.Bc4 Be7 8.0-0 0-0 9.d4 Rc6
10.He1 a6 11.Bb3 b5 12.De2



Þessi leikur kom mér á óvart.

12. - Rxc3

Vocaturo stakk uppá 12. - Rf6!? eftir skákina hann taldi að hvítur yrði að leika 13.Be3 (svo virðist sem að hvítur hafi ekki nægar bætur fyrir það eftir 13.Bg5 Rxd4 14.Rxd4 Dxd4 15.Had1 Da7) framhaldið getur orðið 13. - Bb7 14.Had1 Rb4 svartur stendur vel.

13.bxc3




13. - Bf6

13. - Bb7 gengur ekki vegna 14.Bxe6 fxe6 15.Dxe6+ Kh8 16.d5 og hvítur vinnur manninn aftur til baka.

14.h4 b4 15.Bc2 Bb7 16.Hb1 Hc8
17.Rg5 g6 18.Dg4

Vocaturo lék þennan leik mjög hratt. Eftir skákina sagði hann að hann hefði ekki séð næsta leik minn

18. - Rxd4



Hér bauð ég jafntefli. Hugsanlega hefði ég ekki átt að gera það. 19.Bxc6 hxg6 20.cxd4 Dxd4 21.Re4 Vocaturo sagði eftir skákina að hann hefði ekki séð þennan leik 21. - Bxe4 22.Hxe4 Dd5 23.Hexb4 hér stendur svartur sennilega örlítið betur

½-½

Skýringar: Héðinn Steingrímsson

6.umferð

Héðinn Steingrímsson (2547) og Hannes Hlífar Stefánsson (2563) eru í 5.-12. sæti með 4,5 vinninga að lokinni sjöttu umferð. Héðinn gerði baráttujafntefli við stigahæsta keppenda mótsins úkraínska stórmeistarann Alexander Aerschenko (2673) en Hannes vann ítalska alþjóðlega meistarann Denis Rombaldoni (2418). Úkraínski stórmeistarinn Yuriy Krivoruchko (2604) er efstur með 5,5 vinninga.

Henrik Danielsen (2472) er næstur Íslendinga með 4 vinninga. Hjörvar Steinn Grétarsson (2279) heldur áfram að ná góðum úrslitum en hann gerði jafntefli við ítalska alþjóðlega meistarann Luca Shytaj (2453) og er með 3,5 vinninga.

Hvít: **Héðinn Steingrímsson**
2547

Svart: **Alexander Areshchenko**
2673


Grinfeld vörn A16

Úkraínamaðurinn Alexander Areschenko var stigahæsti skákmaður Reykjavíkurskákamótsins. Hann leiddi sveit Bolvíkinga til sigurs á Íslandsmóti Skákfélaga skömmu fyrir mótið. Hann endaði í 5. sæti með 6,5 vinning.

1.Rf3 Rf6 2.c4 g6 3.Rc3 d5 4.cxd5 Rxd5 5.Da4+ c6

Hér er 5. - Bd7 algengara.

6.Rxd5 Dxd5 7.e4 Dd6 8.d4 Bg7 9.Be3 Rd7 10.Hd1 Rb6 11.Dc2 0-0 12.Be2



Hvítur hefðu rýmri stöðu og

stendur aðeins betur.

12. - Bg4 13.0-0 f5 14.h3 Bxf3 15.Bxf3 fxe4 16.Bxe4 Rd5 17.Bg5 Bf6 18.Bxf6 Hxf6



Hvítur stendur aðeins betur. Biskupinn er sterkari en svartiriddarinn og svartur hefur veikt það á e-línunni.

19.Hfe1

Hér kom 19.Db3 til greina.

19. - Haf8 20.He2

20.Hd2 var einfaldara.

20. - Rf4 21.He3 Kg7 22.h4

22.Hb3 var annar möguleiki.

22...Re6!



23.Hd2

Hér var mun betra að leika 23.d5 með hugmyndinni 23. - Hxf2 24.Dc3+! H2f6 25.Bf3!




Hvítur stendur vel. Eða strax 23.Dc3 með hugmyndinni að

svara 23.- Hxf2 með 24.d5+

23. - Rxd4

Svartur stendur nú betur.

24.Dc3 e5 25.g3 Hd8 26.Kg2 b6 27.b4 De6 28.a4 h6 29.He1 Dd6 30.a5 Df8 31.Ha1 Rb5 32.De3 Hxd2 33.Dxd2 Rd6 34.He1 De8




Hvítur hefur hér náð að jafna taflíð

35.De3?!

35.De2 var betri leikur með hugmyndinni að sækja að e-peðinu. Hvítur hefur hér fullar bætur fyrir það. Einnig var sterkt að opna a-línuna fyrir hvíta hrókin með 35.axb6 axb6 og leika síðan 36.De3.

35. - Rc4



36.Dc3

36.De2 var hér betra

36. - Df7 37.He2 b5


Nú lokast a-línan svörtum í hag **38.Bf3 Hd6 39.He4 Df5 40.g4 Df6 41.h5 gxh5 42.gxh5 Hd4 43.Hg4+ Hxg4+ 44.Bxg4 Dd6?!**

Hér var 44. - e4 betri leikur. **45.Bf3! c5 46.bxc5 Dxc5 47.Dd3 Dd6 48.Df5**

Nú nær hvítur sókn að svarta kónginum.


48. - Rxa5 49.Be4 Rc4 50.Dh7+ Kf8 51.Bg6 Df6 52.Dxh6+ Ke7

53.Dh7+ Kd6 54.Dxa7 Dg5+
55.Kf1 Dc1+ 56.Kg2 Dg5+




57.Kf1


Hér hefði ég átt að tefla áfram og leika 57.Kh3!. Areshchenko hefði þá orðið að finna 57.- Df4! (57. - Df6 58.Be4) eftir 58.Db8+



Hugmyndin er að tvinna sókn að svarta kónginum saman við framrás h-peðsins. Í sumum tilvikum getur hvítur boðið uppá drottningarkaup með Df7 eða Df5 eftir að svarti kóngurinn hefur fjarlægst h-peðið. Areshchenko hefði orðið að leika 58. - Ke6! a) 58. - Kc5 59.Dc7+ Kb4 a1) 59. - Kd5 60.Df7+ a2) 59. - Kd4 60.Dd7+ Kc3 61.Dd3+ Kb4 (61. - Kb2 62.Dc2+ Ka3 63.Dc3+ Ka2 64.Bc2 Rd2 65.De3)




62.Df5



Er mun betri staða á hvítt.

b) 58...Ke7 59.Db7+ Kd6 60.Be4!
Dxf2 61.h6



Hér verður h-peðið mjög hættulegt

Og eftir 59.Dc8+ er 59. - Kd6!



rétti leikurinn. Areshchenko hefði því þurft að finna þrjá sterka leiki: 57. - Df4!, 58. - Ke6! og 59. - Kd6 til að halda jafntefli ef ég hefði leikið 57.Kh3.

(59. - Ke7 60.Db7+)

57...Dc1+ 58.Kg2

hér krafðist Areshchenko jafnteflis
½-½

Skýringar: Héðinn Steingrímsson

7.umferð

Héðinn og Hannes eru efstir Íslendinga í 6.-15. sæti með 5 vinninga að lokinni sjöundu

umferð. Báðir gerðu þeir jafntefli í hörkuskákum. Hannes við stiga-hæsta keppenda mótsins úkraínska stórmeistarann Alexander Aerschenko (2673) en Héðinn við sænska stórmeistarann Tiger Hillarp Persson (2586). Úkraínski stórmeistarinn Yuriy Krivoruchko (2604) er sem fyrr efstur en hann hefur 6 vinninga.

Pröstur Þórhallsson (2442) og Jón Viktor Gunnarsson (2463) eru næstir íslensku skákmannanna, en þeir hafa 4,5 vinninga.

Hvítt: **Héðinn Steingrímsson**
2547

Svart: **Tiger Hillarp Persson** 2586
Kóngindversk vörn E97

í 7. og þriðju síðustu umferð tefldi ég við Svíann geðþekka Tiger Hillarp Persson. Tiger hefur gengið vel að undanfögnu er nú kominn með vel yfir 2600 ELO stig. Hann tapaði eftirminnilegri skák gegn Daniele Vocature í 3. umferð, en hafði annars gengið vel í mótinu fram að okkar skák. Því miður tapaði hann tveim síðustu skákunum eftir að hafa lagt of mikið á stöðuna og endaði með 5 vinninga.

1.d4 Rf6 2.c4 g6 3.Rc3 Bg7 4.e4 d6 5.Be2 0-0 6.Rf3 e5 7.0-0 Rc6 8.d5 Re7 9.b4 Re8 10.a4 f5 11.a5 Rf6 12.Rg5

Þessi leikur er nýr. Tiger kom mér á óvart í byrjuninni, en hann hefur ekki teft kóngindverska vörn í mörg ár. Hér lék Ivanchuk 12.Bg5 á móti Radjabov í A-flokki Wijk aan Zee mótsins í Hollandi fyrr á árinu. Tiger tefldi í B-flokknum og var nálægt því að vinna hann. Hann horfði á skák Ivantchuks og Radjabovs og ákvað að prófa að tefla eins og Radjabov þegar að tækifæri gæfist. Eftir langa umhugsun ákvað ég að leyfa Tiger ekki að sýna mér hvaða endurbætur hann hefði á þessari skák.

12. - h6 13.Re6 Bxe6 14.dxe6 fxe4

Staðan er orðin mjög flókin. Hvítur hefur fórnað peði, en hefur bætur í formi veikra hvítra reita í svörtu stöðunni.

15.b5 Rf5 16.Rd5 Kh7 17.Be3

Hér kom 17.a6 til greina.

17. - c6 18.Rxf6+ Dxf6 19.a6 b6 20.c6 Rd4 21.Bg4 h5 22.Bh3 Dh4 23.He1

23.Da4 kom hér til greina.

23. - Hfc8

Þrátt fyrir að vera mjög flókin má segja að staðan hafi verið í dínámísku jafnvægi. Báðir keppendur höfðu notað mikinn tíma þegar hér var komið sögu.

24.e7

24.Bxd4 exd4 25.Ha2 kom einnig til greina.


24. - Hc7 25.Bd7 Dxe7 26.Bxd4 exd4 27.Dd3?

Þessi leikur er byggður á yfirsjón og eftir þennan leik stendur svartur til vinnings. Þegar ég ákvað að leika 24.e7 ætlaði ég að leika 27.Ha2! hér.




Svo virðist að hvítur standi hér betur. Við Tiger stúderuðum þennan leik í klukkutíma eftir skákina og fundum ekki fullnægjandi vörn fyrir svartan. Dæmi um afbrigði sem við litum á: 27. - b5

a) 27. - e3 28.fxe3 dxe3 29.Hae2 (29.Dd3 Bh6 30.Hd1 er annar möguleiki) 29. - Bh6 svarti biskupinn stendur mjög illa hér. Svartur mun fyrir eða síðar verða að fórna skiptamun með því að drepa biskupinn á d7. 30.Hf1



Hvítur stendur betur.

b) 27. - d3 28.f3! (hér gengur 28.Dxd3 ekki vegna 28. - Dxd7 29.cxd7 exd3 30.He8 Hxd7 31.Hxa8 Bc3) 28. - Bd4+ 29.Kh1 e3 30.Dxd3 Bc5



31.f4!? með betri stöðu á hvítt. Það er athyglisvert að án f-peðsins væri hvíta staðan sennilega ennþá betri en með það því að hvítur myndi geta sett hrókana sína á f-línuna. (31.Hae2 Hxd7 32.Hxe3 Bxe3 33.cxd7 Dxd7 34.Dxe3 leiðir til aðeins betri stöðu á hvítt).

c) Hugsanlega er besti leikur svarts 27. - Hf8!? þennan leik sáum við Tiger ekki í stúderingunum eftir skákina. Hér leikur hvítur best 28.Hd2!



og stendur þá eitthvað betur

(28.Hae2 er svarað með 28. - Df7!)

d) 27. - b5 28.Hae2! bxc4 29.Hxe4 Df6. Eftir 29. - Dg5 30.Hxd4 Bxd4 31.Dxd4 stendur hvítur betur. 30.He6 Dg5 31.Dc2!



Hótar bæði Hxg6 og Dxc4. Hvítur virðist hafa yfirhöndina í flækjunum. 31.Hxd6 lítur vel út með hugmyndinni að leika Hxd4 eða Hee6, en svartur nær mótspili eftir 31...Df4! með hugmyndinni 32.Hee6 Hf8!.

27. - d5

27. - Dxd7!

28.Dg3 Be5 29.f4 Bd6 30.cxd5 Hf8 31.Hf1

Hvíta staðan er mjög erfið. Eftir 31.Dg5 Dxg5 32.fxg5 e3 33.Had1 Bc5 svartur stendur mun betur. Tiger var í tímahraki og því reyndi ég að flækja stöðuna í framhaldinu.

31. - d3 32.Had1 Hxd7 33.cxd7 Dxd7 34.Kh1 Df5 35.Hfe1 Dxd5 36.Dh4 Df5 37.h3 Bc5 38.g4 Dxf4 39.Hf1 Dxf1+ 40.Hxf1 Hxf1+ 41.Kg2 Hf2+

41. - d2!

42.Kg3 d2 43.Dd8 Hf3+ 44.Kg2 Hf2+ 45.Kg3 Hf3+ 46.Kg2 hxg4

46. - Hd3!

47.Dd7+ Kh6

47. - Kg8!


48.Dxd2+

Eftir að hafa haft tapaða stöðu hefur hvítur nú náð nokkru mótspili. Tiger sagði mér eftir skákina að hann hefði verið orðinn mjög þreyttur eftir að hafa reynt að greiða úr flækjunum í miðtaflinu þegar hér var komið sögu.

48. - Be3

48. - e3!

49.Dd8! gxh3+ 50.Kh1




Hvítur hefur náð kröftugu mótspili. Bæði er svartí kóngurinn berskjaldaður og einnig getur hvítur reynt að næla sér í a-peð svarts með drottningunni og fá þannig hættulegt frípeð. Mér sýnist að mótspil hvíts nægi til að halda jafntefli.

50. - Kh5

50. - g5 51.Dh8+ Kg6 52.Da8! svartur gat líka reynt að gefa h-peðið, en halda í e-peðið og leika

50. - Hf4 51.Kh2.
51.Dd5+ g5 52.Dxe4 g4 53.De8+



Nú á hvítur þráskák


53. - Kh4 54.Dh8+ Kg5 55.De5+ Kg6 56.De6+ Kh5 57.De8+ Kh4 58.Dh8+ Kg3 59.Dxh3+!

Á þessu stafi byggðist mótspil hvíts

59. - Kf4 60.Dh6+ Ke4 61.Dh7+ Kf4 62.Dc7+ Kg5 63.Dg7+

Eftir 63.Dxa7 þráskákar svartur með 63. - Hf1+ 64.Kg2 Hf2+ 65.Kg3 Hf3+

63. - Kf4 64.Dc7+ Kg5 65.Dg7+ Kf4



Þessari dramatísku baráttuskák lauk því með jafntefli.

½–½

Skýringar: Héðinn Steingrímsson

8.umferð

Afar vel gekk hjá íslensku skákmönnum í áttundu og næstsíðustu umferð. Héðinn og Hannes unnu báðir og eru í 3.-8. sæti með 6 vinninga fyrir lokaumferðina.

Efstir með 6,5 vinninga eru stórmeistararnir Yuriy Krivoruchko (2604) Úkraínu, og Mikhail Marin (2556) Rúmeníu. Þröstudur Þórhallsson (2442) hefur 5,5 vinning og er í 9.-15. sæti. Hjörvar Steinn Grétarsson (2279) vann portúgalska stórmeistarann Luis Galego (2494) og hefur 5 vinninga. Geri Hjörvar jafntefli í lokaumferðinni tryggir hann sér sinn fyrsta áfanga að alþjóðlegum meistaratitli en hann teflir við indversku skákdrottninguna Harika Dronovalli (2473).

Hvít: Michal Meszaros 2376

Svart: Héðinn Steingrímsson
2547

Spænskur leikur C84

Slóvenski alþjóðlegi meistarinn Mihal Meszaros hafði komið á óvart í mótinu og unnið marga stórmeistara. Hann mun á næsta stigalista hafa um 2420 ELO stig. Hann hafði einnig gert jafntefli við Hannes Hlífar fyrr í mótinu eftir að hafa að eigin sögn verið með unna stöðu. Fyrir okkar skák hafði hann reiknað út að hann þyrfti að fá einn vinning úr tveimur síðustu skákunum til að

fá sinn fyrsta áfanga að stórmeistaratitli. Ef ég ætlaði að blanda mér í baráttuna með að vinna mótið þá kom ekkert annað en sigur til greina. Það var því mikið undir í þessari skák.

1.e4 e5 2.Rf3 Rc6 3.Bb5 a6 4.Ba4 Rf6 5.0–0 b5 6.Bb3 Be7 7.d3

Skákin fer rólega af stað

7. - d6 8.a4 Bg4 9.c3 0–0 10.h3 Bd7 11.Rbd2 Ra5 12.Bc2 c5 13.He1 Dc7 14.Rf1 h6

Tölvuforritin eru hrifin af þessum leik, sem að undirbýr Be6, en engu að síður er hann sennilega ónákvæmur

15.Rg3 Hfe8 16.Rh4 Bf8 17.Rhf5 Kh7 18.Df3 Rg8 19.Re3 Be6 20.Rd5 Db7 21.Be3

Hér kom 21.Rf5 g6 22.Rfe3 Bg7 til greina.

21. - g6

Hér var sennilega betra að leika 21. - b4. Einnig kom 21. - Re7 til greina.

22.b4! Rc6



Hvítur hefur aðeins betri stöðu. Hins vegar var hann kominn í mikið tímahrak með um 5 mínútur á klukkunni plús 30 sekúndna viðbótartíma fyrir hvern leik.

23.Bb3?

Hvítur leikur af sér peði

23. - cxb4 24.cxb4 Rxb4

Hvítur hefur misst peð, en hefur stöðulegar bætur fyrir það. Meszaros var í tímahraki og finnur í framhaldinu ekki bestu leikina.

25.d4

Betra var 25.Bd2! Rf6 26.Re2 með stöðulegum bótum fyrir peðið.

25. - Rc6 26.dxe5 dxe5 27.h4?!



Þessi leikur gefur svörtum kost á smá fléttu. Betra var að koma í veg fyrir fléttuna með því að leika öðrum hvorum hróknum á b-línuna. Það er lærdómsríkt að sjá að hvítur hefur í framhaldinu aldrei tíma til að leika þessu peði áfram og það myndar síðan í lokin veikleika í hvítu stöðunni.

27. - Ra5! 28.Ba2

28.Bc2 Rc4

28. - bxa4! 29.Hab1 Rb3

Svartur stendur betur

30.Rb6?



Afleikur 30.h5 Hac8 var skárri. Ég var líka kominn í tímahrak og fann ekki besta leikinn.

30. - Hab8

Eftir þennan leik stendur svartur betur. Mun betra var þó 30. - Rd4! 31.Bxd4 Bxa2 32.Hb2 exd4! 33.Rxa4 Bb4! og svartur vinnur.

31.Rxa4 Dc6 32.Rb6

Svartur er með góða stöðu og næstum því allir leikir leiða til betra tafis

32. - Rd4


Þegar ég lék þennan leik var ég búinn að reikna framhaldið eins og skákin tefldist fram í 41. leik.

32. - Hxb6 33.Bxb6 Rd2 var annar

möguleiki.

33.Bxd4 Bxa2 34.Be3 Bxb1

35.Dxf7+ Bg7 36.Hxb1 Df6!



Svartur stendur mun betur, en engu að síður er þetta óþæglegur leikur fyrir Meszaros að fá á sig í miklu tímahraki.

37.Dxf6?!


Eina von hvíts var að halda drottningum inná borðinu jafnvel þó að það kosti peð. Eftir 37.Da7 Dxb4 stendur svartur mun betur.

37. - Rxf6

Svartur stendur nú til vinnings 38.Ha1 Rg4! 39.Bc5 Bf8! 40.Rd7 Bxc5

Meszaros yfirsást þessi leikur þegar hann skipti uppá drottningunum.

41.Rxc5




Hér var tímamörkunum náð og við fengum 15 mínútna viðbótartíma. Ég notaði tímann vel og reiknaði hér fram yfir 45. leik.

41. - Hec8! 42.Rd3 Hc3! 43.Re1 Hb2 44.f3

44.Rh1 a5 45.f3 Re3 46.Rf2 Rc2!

47.Hc1 Rd4 og svartur vinnur 44.

- Re3 45.Rf1 a5!



46.Rxe3

Hvítur tapar manni eftir 46.Hxa5 Hb1

46. - Hxe3 47.Hd1 Hee2

a-peðið verður ekki stöðvað. Lokin þarfnast ekki skýringa

48.Kh1 a4 49.Hd7+ Kg8 50.Rd3

Hbd2 51.Hd8+ Kg7 52.Hd7+ Kf8

53.Hd8+ Ke7 54.Hd5 a3

55.Hxe5+ Kf6

Hér gafst Meszaros upp. Hann tapaði síðan síðustu skákinni og náði því ekki stórmeistaraáfangi. Þessi sigur var mjög mikilvægur fyrir mig því að eftir hann var ljóst að sigur í síðustu skákinni myndi að öllum líkindum nægja til þess að lenda í skiptu fyrsta sæti. Forystusauðirnir þeir Mihail Marin og Yuriy Kryvoruchko tefldu í síðustu umferð saman og var Marin með svart. Marin hefur mjög traustan skákstíl og gerði ég fastlega ráð fyrir því að þeirra viðureign myndi enda með jafntefli eins og raunin varð.

0-1

Skýringar: Héðinn Steingrímsson




Þróstur Þórhallsson

Hvítt: **Pröstur Þórhallsson** 2442

Svart: **Fabien Guilleux** 2303


Drottningarpeðsbyrjun D01

1.d4 Rf6 2.Rc3 d5 3.Bg5 h6
4.Bxf6 exf6 5.e3 c6 6.Bd3 f5
7.Df3 g6 8.0–0–0 Rd7 9.Dg3 Rf6
10.f3 Bd6 11.Df2 Be6 12.h3 Dc7
13.g4 f4 14.exf4 Bxf4+ 15.Kb1
Bg3 16.Dg2 0–0–0 17.Rge2 Bh4



Riddari úti á kanti líkist aumum fanti. Á það ekki líka við biskupinn í þessari stöðu?


18.f4 Hde8 19.Hhf1 h5?! 20.g5 Re4?! 21.Bxe4 dxe4



22.f5!

Biskupinn á h4 er dauðans matur.

22. - Bxf5 23.Hf4 Bxg5 24.Dxg5 Bxh3 25.d5 Bf5 26.dxc6 bxc6 27.Rd4 f6




Svartur hefur sennilega haldið að hann væri að vinna lið. Rybkan

hélt það líka í fyrstu. En Pröstur á bombu uppi í erminni.


28.Dxf6!! Dxf4 29.Rxc6!

Pröstur og riddarar hafa gjarnan spilað vel saman. Við fyrstu sín er þetta ekkert sérstakt, en þegar nánar er skoðað kemur í ljós að menn hvíts vinna einstaklega vel saman og svartur er með koltapað. Nokkrar mögulegar varnir: 29. - Dc7 30.Rb5 Hd8 31.Hd6! Hxd6 32.Rxd6+ Kd7 33.Re5!! mát.



29. - Hh7 30.Hd8+ Hxd8

31.Dxd8+ Kb7 32.Ra5+ Ka6



33.Df6+! Kxa5 34.b4+

Hvítur vinnur drottningu svarts eftir 34. - Kxb4 35.Rd5+. En fegurðin í þessu er að svartur er mát eftir 35.Dd4+ Ka5 36.Dc5+ Ka6 37.Db5+.

Svartur sá þetta og gafst upp. Glæsilegur endir hjá Presti og spurning hvort þetta hafi ekki verið flottustu tilbrif síðasta vetrar hjá íslenskum skákmanni.

1–0

Einstök upptaka náðist af þessari snilli þratar. Það var Ingvar Þór sem af tilviljun var að skjóta á stöðuna þegar ósköpin byrjuðu síðan. Hægt er að sjá upptökuna

og skýringar Ingvars á:

<http://www.chessvideos.tv/forum/viewtopic.php?t=5134>

Skýringar: Halldór Grétar

9.umferð

Héðinn vann indverska alþjóðlega meistaran Abhijeet Gupta (2569) og Hannes vann þýska stórmeistarann Sebastien Maze (2579) á meðan að efstu mennirnir tveir gerðu jafntefli í sínum skákum. Niðurstaðan varð því sú að það voru tveir íslenskir skákmenn sem voru í hópi sigurvegaranna. Eftir stigaútreikning telst Héðinn sigurvegari mótsins og Hannes í þriðja sæti. Glæsilegur árangur hjá þeim drengjum.



Hannes Hlífar Stefánsson

Hvítt: **Dagur Arngrímsson** 2404

Svart: **Fabien Guilleux** 2303

Síkileyjarvörn B88

Ég tefldi við þennan unga og efnilega Frakka í síðustu umferð Reykjavíkurskákamótsins. Mér hafði gengið illa á mótinu, gert fimm jafntefli í röð gegn stigalægri andstæðingum í 3. - 7. umferð en hafði loksins náð að sigra í þeirri 8. svo að ég hélt að ég væri kominn í gírinn. Guilleux hafði hins vegar byrjað mjög vel á mótinu og eftir 5 umferðir var hann í 1.-2. sæti með 4.5 vinning og búinn að sigra sterka skákmenn:

alþjóðlega meistaran Jón Viktor Gunnarsson (2463) og stór-

meistarana Luis Galego (2494) og Sebastien Maze (2579). Eftir þessa óskabyrjun missti hann dampinn og tapað þremur skákum í röð gegn erfiðum andstæðingum. Fyrir skákina okkar hélt ég að hann þyrfti að ná punkti gegn mér til að tryggja sér AM-áfanga. Svo að áætlun mín var að tefla djarft og setja með því pressu á hann!

1.e4 c5 2.Rf3 d6 3.d4 Rf6 4.Rc3 cxd4 5.Rxd4 Rc6

Upp er komin klassísk sikileyjarvörn, Guilleux hefði gengið vel í þessari byrjun á mótinu og sigrað bæði Jón Viktor og Maze í henni. **6.Bc4 e6 7.Bb3 a6 8.0–0 Dc7 9.Be3 b5?!**

Eftir nokkuð hefðbundna byrjunarleiki ákveður svartur að fara út í virka leið. Nokkrir stórmeistarar hafa leikið 9. - b5 en hvorki mér né Rybkunni líst vel á þann leik. Traustara hefði verið að leika 9. - Be7 eða 9. - Ra5 **10.Rxc6 Dxc6 11.a4!?**

Mér fannst hvítur þurfa að bregðast fljótt við og reyna að notfæra sér hvað svartur er langt á eftir í liðskipan. Ég ákvað að fórna þeði fyrir virka stöðu. Rybkan metur stöðuna örlítið betri á hvítt eftir 11.a4. Betra er að hennar mati að valda fyrst þeði á e4 með 11.f3 og leika a4 í framhaldi af því með betri stöðu á hvítt.


11. - b4 12.a5!

Hvítur hótar núna Ba4 og svo opnast reiturinn fyrir riddarann til að komast frá c3-a4-b6.

12. - Bd7 13.Ra4 Dxe4

Hvítur stendur betur hér þó hann sé þeði undir. Riddarinn stefnir á súkkulaðireitinn b6. En fyrst þarf hvítur að geta svarað hótuninni Bc6. Ef svartur hefði leikið 13. - Rxe4 þá tapar hann skiptamun eftir 14. Rb6 Hd8, 15. Ba4 og hvítur er með mjög vænlega stöðu.

14.He1 Bc6 15.f3 Dg6 16.Rb6 Hd8



17.c3!!

Góður leikur. Hvítur er að fara með biskupinn á a4 og erfitt er fyrir svartan að finna leið gegn því.

17. - bxc3 18.Ba4 Bd7 19.Rxd7 Rxd7 20.Bb6!

Þó að svartur sé tveimur þeðum yfir er hann með hartnær tapað tafl. Hann hefur ekki tíma til að hróka á meðan virkir menn hvíts gera út um skákina.

20. - cxb2 21.Hb1 Hc8 22.Hxb2 Ekkert liggur á. Óþægileg leppun svarta riddarans lamar svörtu stöðuna.

22. - Be7??

Þessi leikur tapar skákinni strax fyrir svartan. Betra hefði verið að reyna 22. - Df5 en eftir 23. De2 Ke7, 24. Dxa6 er staðan töpuð.

23.Bxd7+ Kxd7 24.Da4+ Hc6 25.Hc1 Hhc8 26.Hbc2

Og svartur gaf. Sætur sigur. Það var sárabót fyrir Frakkann unga að hann náði samt AM-áfanga.

1–0

Skýringar: Dagur Arngrímsson

Hvítt: **Héðinn Steingrímsson**
2547

Svart: **Abhijeet Gupta** 2569
Grunfeld vörn D97

Indverski stórmeistarinn Abhijeet Gupta er núverandi heimsmeistari 20 ára og yngri. Hann vann titilinn eftir að hafa unnið síðustu 5(!) skákirnar, flestar á móti stórmeisturum. Gupta hefur marga þekkta þjálfara og er mikill byrjanasérfræðingur. Þar sem að Yuriy Kryvoruchko og Mihail Marin sömdu jafntefli fáeinum mínútum eftir að umferðin hófst

vissum við Gupta nánast frá byrjun að sigur annars hvors okkar myndi fleyta honum uppí skipt efsta sæti í mótinu. Það var því til mikils að vinna.

1.Rf3 Rf6 2.c4 g6 3.Rc3 d5 4.Da4+

Fyrir í mótinu lék ég 4.cxd5 Rxd5 5.Da4+ á móti Areshchenko.

4. - Bd7 5.Db3 dxc4 6.Dxc4 a6 7.d4 b5 8.Db3 c5 9.dxc5 Bg7 10.e4 0–0 11.Be2 Be6 12.Dc2 Rbd7!?

Ég rakst á þennan leik í undirbúningi mínum fyrir skákina, en honum var leikið í skákinni Braun-Bobras í þýsku Bundesligunni skömmu fyrir Reykjavíkurskák mótið. Einnig lék Svidler þessum leik á móti Onischuk í Foros. Svartur vann báðar þessar skákir. Því miður náði ég ekki að skoða hvernig hvítur svarar honum best. Fyrir örfáum dögum lék Gata Kamsky þennan leik á móti Hikaru Nakamura á bandaríska meistaramótinu og fékk betri stöðu með svörtu.

13.Be3 Hc8 14.c6

14.Hd1 b4 15.Ra4 Da5 16.0–0 Rxe4 17.c6 Rd6 18.b3 Bd5 19.Hxd5 Dxd5 20.Hc1 Rb8 21.c7 Rd7 22.Bxa6 Ha8 23.Dd3 Dxd3 24.Bxd3 Hfc8 25.Rd4 Bxd4 26.Bxd4 Re8 27.Rb6 Rxb6 28.Bxb6 Hxa2 29.g3 Rd6 30.Hd1 Kf8 31.Bf1 Hc2 32.Hd4 Ha8 33.Hxb4 Hc6 34.Bh3 f5 35.g4 Ha6 36.Bd4 Hxc7 37.gxf5 Rxf5 38.Bf1 Hc1 39.Bb2 Hb1 40.Be5 Ha5 41.Bh8 Rg7 0–1 Onischuk,A (2664)-Svidler,P (2746)/Foros 2008/CBM 125]

14. - Hxc6 15.Rd4 Hd6 16.Rxe6

16.Hd1N Rg4 17.Bxg4 Bxg4 18.f3 Re5! 19.Bf2 Rc4 20.Rc6 Bxc3+ 21.bxc3 Dc7 22.Rb4 Be6 23.0–0 Hfd8 24.Bd4 a5 25.Rd3 b4 26.Rf4 Dd7 27.Hc1 Ra3 28.Df2 Rb5 29.Bc5 Hd2 30.Dh4 f6 31.cxb4 axb4 32.Dh6 Hxa2 33.Rxg6 hxg6 34.Dxg6+ Kh8 35.Dh6+ ½–½ Nakamura,H (2701)-Kamsky,G (2720)/Saint Louis USA 2009]

16. - Hxe6

Svartur stendur vel. Svarti hrókurinn stendur vel á e6. Bæði gefur hann möguleika á að leika Rd5 og einnig kemur hann í veg fyrir að hvítur nái að leika e5 eftir að svartur leikur t.d. Rb6 eða Rc6.

17.f3 Da5 18.0-0 Hc8 19.Db1

19.Hfd1 Rb6 (hér virðist 19. - b4 vera sterkur leikur 20.Da4 He5 21.Dxa5 Hxa5 22.Rb1 svartur virðist standa betur) 20.Db3 Rfd7 21.Rd5 Rxd5 22.exd5 Hxe3 23.Dxe3 Bxb2 24.Hab1 Ba3 25.Kf1 Rb6 26.Hd4 Hc2 27.Bd1 Rc4 28.Hxc4 Hxc4 29.d6 Bxd6 30.Bb3 Hc3 31.De4 b4 32.Hd1 Db5+ 33.Kf2 Dc5+ 34.Kf1 Db5+ 35.Kg1 a5 36.g3 a4 37.Da8+ Kg7 38.Bxa4 Dc5+ 39.Kh1 Ha3 40.De8 Df2 0-1 Braun,A (2567)-Bobras,P (2565)/Germany 2008/CBM 126 Extra; 19.a3? gengur ekki vegna 19. - Rd5!

19. - Rb6

Á meðan á skákinni stóð hélt ég að 19. - b4! væri besti leikurinn með hugmyndinni 20.Rd1 Rc5!? 21.Rf2 og staðan er nokkurn vegin í jafnvægi.

20.a3

20.Hc1 kom til greina.

20. - Rbd5

Ég bjóst við 20. - Rc4

21.Bd2

Gupta var augljóslega mjög vel undirbúinn og lék byrjunina mjög hratt. Jafnvel þó að hann hafi hugsað lengi um framhaldið fann hann ekki besta leikinn.

21. - Rh5?

Leikið eftir mjög langa umhugsun. Þessi djarfi leikur virðist vera byggður á yfirsjón. Það er erfitt að segja hvað Gupta yfirsást, kannski var það 24.Be3!. Ég bjóst við einhverju eins og 21. - Db6+ 22.Kh1 Rxc3 (22. - Re3 23.He1 Rc4 24.Bxc4) 23.Bxc3 Rd5 (eða 23. - Rd7) 24.Bxg7 Kxg7 25.Hc1 hvítur þarf að tefla nákvæmt, en staðan virðist ekki vera langt frá því að vera í jafnvægi.

22.exd5 Bxc3

Sennilega var betra að hætta við

skiptamunnsfórnina og leika 22. - Hxe2 23.Dd3 Db6+ 24.Kh1 Hf2 hvítur stendur aðeins betur.

23.dxe6!

Eftir 23.bxc3 Hxe2 24.Dd3 Db6+ 25.Kh1 Hf2 stendur hvítur aðeins betur.

23. - Bd4+ 24.Be3!

Að sjálfsögðu

24. - Bxe3+ 25.Kh1

Ég var orðinn tímanaumur hérna eftir að hafa þurft að glíma við erfiðleika í byrjuninni. Hvítur stendur hins vegar mun betur hér.

25. - f5 26.Dd3!

Hvítur hefur yfirburða stöðu. Það að innbirgða vinninginn er spurning um tæknilega úrvinnslu.


26. - Bg5 27.Hfd1

Annars möguleiki var 27.a4.

27. - Rf4 28.Dd7 Hf8 29.Bf1 Db6 30.Hac1

30.a4 bxa4 31.Hxa4 Dxb2 32.h4 var líka sterkt.

30. - Df2 31.Hd2 De3 32.Hcd1 Bf6 33.Dc6 Rh5 34.g3 Kg7 35.He2 Db3 36.Dd5!



Sterkur leikur. Hvítur vill neyða svörtu drottninguna í óvirka stöðu.

36. - Da4 37.Hc1!

Kemur í veg fyrir Rc8 og heldur þannig svarta hróknum á f8 óvirkum

37. - Da5 38.Hd2!

Hvítur ræður yfir báðum opnu línunum og svarta drottningin neyðist nú að fara í óvirka stöðu

38. - Db6 39.Hc5!



Hvítur hótar nú Dc6 og að þvinga þannig svörtu drottninguna til að fara upp í borð. 39.Hc6 De3 40.Hxa6 Hc8 41.Dd3 var annar möguleiki.

39. - Hd8

Þvingað til að forðast það að svarta drottningin fari í mjög óvirka stöðu. Hrókakaup eru augljóslega mjög hvítum í hag því að hér eftir eru öll endatöfl eftir að skipt hefur verið á drottningum mjög hagstæð hvítum.

40.Dxd8 Dxc5 41.Kg2 De3 42.Dd5 Db6 43.Be2 Kh6 44.Bd1 Rg7 45.He2

45.Hc2 strax var líka hægt að leika.


45. - Re8 46.b4

Það var hægt að koma í veg fyrir Rd6 með því að leika 46.Da8!?

46. - Rd6 47.Dc5 Db7 48.Bb3 Kg7 49.Bd5 Db8 50.Hc2

Svarta drottningin hefur þrátt fyrir allt verið þvinguð í óvirka stöðu. Hvítur stendur til vinnings.

50. - h5 51.Dc7



51. - Dh8 52.Hc6 Dh6


52. - Re8 53.Dd8 var ekki betra.

53.f4 Re4!? 54.Bxe4?!

Þessi leikur breytir því ekki að

hvítur stendur til vinnings. Hér var þó sennilega ennþá betra að halda biskupnum inná um stundarsakir til þess að geta leikið Ra8. 54.h4! Dh8 (54. - Rxc3 55.Kxg3 Bxh4+ 56.Kxh4; 54. - Bxh4 55.gxh4) 55.Hxa6 Rc3
a) 55. - Bxh4 56.Ha8;
b) 55. - Kh6 56.Ha8 Dg7 57.Bxe4! (57.Dc8 Bxh4 58.Dh8+ Dxh8 59.Hxh8+ Kg7 60.Hb8 vinnur líka) 57. - fxe4 58.Dc8 Bxh4 59.Dh8+ Dxh8 60.Hxh8+ Kg7 61.Hb8 og hvítur vinnur eftir 61. - Bf6 62.Hxb5 56.Bf3 Kh6 57.Ha8 Dg7 58.Dd8 Bd4 59.Df8 og hvítur vinnur.
54. - fxe4 55.h4 Dh8 56.Hxa6 Kh6

Nú er Ra8 ekki lengur hægt **57.Ha7 Bxh4! 58.Dc2 Dd4?!**
58. - Bf6 var betri leikur. Hvítur hefur unna stöðu, en svartur getur reynt að berjast áfram. **59.Hd7 De3 60.Df2!**
Hugsanlega yfirsást Gupta þessi leikur þegar hann lék 58. - Dd4 eða hann taldi stöðu sína vera gjörtapaða hvort sem er **60. - Db3 61.gxh4 Dxe6 62.Hd8 Dg4+ 63.Kh2 e3 64.Dxe3 Dxh4+ 65.Kg1 Dg4+ 66.Kf1 Df5 67.Ke1 e6 68.Kd2**
Núna er uppgjöf Gupta bara tímaspursmál.
68. - h4 69.Hh8+ Kg7 70.Hxh4 Dd5+ 71.Ke1 g5 72.fxg5



Gupta gafst upp. Þessi sigur þýddi að ég vann Reykjavík Open 2009.

1-0

Skýringar: Héðinn Steingrímsson

Landsmótið í skólaskák 2009



Eldri flokkur

	Nafn	Skóli	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	Vinn.	Stig
1	Patrekur Maron Magnússon	Salaskóla	*	1	1	½	1	1	1	1	1	1	1	1	10,5	52,25
2	Dagur Andri Friðgeirsson	Reykjavík	0	*	1	0	0	1	1	1	1	0	1	1	7,0	33,00
3	Nökkvi Sverrisson	Vestmannaeyjum	0	0	*	½	½	1	1	½	½	1	1	1	7,0	29,50
4	Hörður Aron Hauksson	Reykjavík	½	1	½	*	0	0	0	½	1	1	1	1	6,5	28,25
5	Svanberg Már Pálsson	Hvaleyrarskóla	0	1	½	1	*	½	0	½	0	1	1	1	6,5	27,75
6	Mikael Jóhann Karlsson	Akureyri	0	0	0	1	½	*	1	½	½	1	1	1	6,5	26,25
7	Jóhanna Björg Jóhannsdóttir	Salaskóla	0	0	0	1	1	0	*	1	½	1	1	1	6,5	26,00
8	Páll Andrasen	Salaskóla	0	0	½	½	½	½	0	*	1	1	1	1	6,0	22,75
9	Eiríkur Örn Brynjarsson	Salaskóla	0	0	½	0	1	½	½	0	*	1	1	½	5,0	20,75
10	Benedikt Jóhannsson	Húsavík	0	1	0	0	0	0	0	0	0	*	½	1	2,5	8,25
11	Hjörtur Þór Magnússon	Húnavallaskóla	0	0	0	0	0	0	0	0	0	½	*	1	1,5	1,75
12	Jakub Szudrawski	Bolungarvík	0	0	0	0	0	0	0	0	½	0	0	*	0,5	2,50

Yngri flokkur

	Nafn	Skóli	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	Vinn.	Stig
1	Friðrik Þjálfí Stefánsson	Seltjarnarness	*	1	½	0	1	1	1	1	½	1	1	1	9,0	43,75
2	Emil Sigurðarson	Laugarvatni	0	*	1	0	1	½	1	1	1	1	1	1	8,5	38,50
3	Jón Kristinn Þorgeirsson	Akureyri	½	0	*	1	½	½	1	1	1	1	1	1	8,5	38,00
4	Dagur Kjartansson	Reykjavík	1	1	0	*	1	0	½	½	1	1	0	1	7,0	36,75
5	Hrund Hauksdóttir	Rimaskóla	0	0	½	0	*	1	½	1	1	1	1	1	7,0	27,25
6	Birkir Karl Sigurðsson	Salaskóla	0	½	½	1	0	*	½	0	1	1	½	1	6,0	26,75
7	Daði Steinn Jónsson	Vestmannaeyjum	0	0	0	½	½	½	*	1	½	1	1	1	6,0	22,00
8	Brynjar Steingrímsson	Reykjavík	0	0	0	½	0	1	0	*	1	0	1	1	4,5	16,00
9	Hersteinn Heiðarsson	Akureyri	½	0	0	0	0	0	½	0	*	1	1	1	4,0	13,00
10	Hulda Rún Finnbogadóttir	Vesturland	0	0	0	0	0	0	0	1	0	*	1	1	3,0	7,00
11	Andri Freyr Björgvinsson	Akureyri	0	0	0	1	0	½	0	0	0	0	*	1	2,5	10,00
12	Hermann Andri Smelt	Bolungarvík	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	*	0,0	0,00



Patrekur Maron Skólaskákmeistari teflir við Mikael Jóhann Skólaskákmeistara í yngri flokki 2008.



Friðrik Þjálfí teflir við Jón Kristinn Þorgeirsson

Hvítt: **Patrekur Maron Magnússon**

Svart: **Páll Andrasen**

Tékkneskur Benóní

1.d4 c5 2.d5 d6 3.c4 e5 4.Rc3 Rf6
5.e4 Bg4 6.Be2 Bxe2 7.Rgx2 Be7
8.0-0 Rbd7 9.a3 a6 10.Rg3 0-0
11.Rf5 He8



12.Df3!

Svartur er með slæman biskup og

gerði sennilega best með því að staðsetja hann á f8. Hvítur teflir mjög einfalt og árangursríkt og er kominn með ákjósanlega stöðu til að hrinda af stað stórsókn á kóngsvæng.


12. - Rf8?! 13.h4 h6

Þegar maður verst kóngsókn er oft best að reyna að hreyfa peðaskjöldinn sem ver kónginn sem minnst. Erfitt er þó að benda á góða vörn. E.t.v. var bara best að breyta um áætlun og leika R8d7 með hugmyndinni að staðsetja biskupinn á f8.

14.Be3 R6h7?

Tapar liði. 14. - h5 var betri leikur.

15.Dg3



Ef núna 15. - Bf6 þá 16.Rxh6+ Kh8 17.Rxf7+ og vinnur drottninguna. 15. - Rg6 16.h5 Bh4 17.Rxh4 Rxh4 18.Bxh6 g5 19.hxg6 fxc6 20.f4 exf4 21.Hxf4 g5 22.Hxh4 Og svartur gafst upp.

1-0

Skýringar: Halldór Grétar

Hvítt: **Patrekur Maron Magnússon**

Svart: **Dagur Andri Friðgeirsson**
Drottningargambítur

1.d4 d5 2.c4 c6 3.Rf3 Rf6 4.e3 e6
5.Rbd2 Rbd7 6.Bd3 dxc4 7.Rxc4
b5 8.Rce5 Bb7 9.0-0 a6 10.a4
Rxe5 11.Rxe5 Bd6 12.axb5 cxb5
13.f4



13. - **Bxe5?!**

Eftir þessi uppskipti fær hvítur betri stöðu. f-línan opnast og svörtu reitirnir í stöðu svarts

verða veikir. Betra var að stutthróka.


14.fxe5 Rd7 15.Bd2?! f5

Hérna gat svartur leikið 18. - Rxe5!


16.Bb4!

Hvítur kemur í veg fyrir að svartur hróki. Kóngstaða svarts er orðin viðsjárverð.

16. - Dg5 17.De2 Hd8 18.e4 g6
19.Hf3 Dg4



20.De3! Bxe4 21.h3 Dh5 22.Bxe4
fxe4 23.Dxe4



Hótunin er Dc6.

23. - Rb8 24.Haf1

Svartur gafst upp. Hann er varnarlaus gagnvart Hf8+ og Db7.

1-0

Skýringar: Halldór Grétar

Skákvíkingur Íslendinga haustið 2008

Evrópumót félagsliða 2009

Grikklandi 17.-23.október



Rússneska sigursveitin URAL Sverdlovskaya



Sveit Taflfélags Bolungarvíkur

Taflfélag Bolungarvíkur lenti í 36. sæti af 64 sveitum með 7 stig af 14 mögulegum með 18 vinninga af 42 mögulegum. Taflfélagið Hellir lenti í 52.sæti með 5 stig

og 15 vinninga. Guðmundur Gíslason stóð sig frábærlega og náði alþjóðlegum áfanga.

Sveit Bolungarvíkur:

IM Jón Viktor Gunnarsson 2430	3½ af 7
IM Bragi Þorfinnsson 2383	3½ af 7
IM Dagur Arngrímsson 2392	2 af 7
Guðmundur Gíslason 2328	4 af 7
Guðmundur Halldórsson 2251	1 af 3
FM Halldór Grétar Einarsson 2264	2½ af 7
Stefán Arnalds 0	1½ af 4

Sveit Hellis:

FM Róbert Lagerman 2363	2½ af 7
FM Ingvar Þór Jóhannesson 2355	1½ af 7
FM Sigurbjörn Björnsson 2323	2½ af 7
Hjörvar Steinn Grétarsson 2284	2½ af 7
Omar Salama 2258	2½ af 7
Kristján Eðvarðsson 2245	3½ af 7

Hvítt: **Aloyzas Kveinys** 2533

Svart: **Jón Viktor Gunnarsson**
2430

Maroccy Bind B36

1.d4 Rf6 2.Rf3 g6 3.c4 c5 4.Rc3 cxd4 5.Rxd4 Rc6 6.e4 d6

Upp er komin "Maroccy Bind setup". Hvítur fær rýmra tafl en svartur er aftur á móti með fáa veikleika og mjög trausta stöðu. Margeir Pétursson tefldi Maroccy með góðum árangri hér á árum áður, en aftur að skákinni...

7.Be2 Rxd4 8.Dxd4 Bg7 9.Be3 0-0 10.Dd2 a5!?



Ekki algengasti leikurinn, en ég hafði stúderað þessa línu nokkuð vel nokkrum mánuðum fyrir þessa skákferð. 10. - Be6 er einnig mjög traustur leikur. Kveinys virkaði dálítið hissa þegar ég lék 10. - a5

11.0-0 a4 12.f3 Da5 13.Hab1 Be6 14.Rd5?!


Aðrir möguleikar virðast ekki gefa hvítum mikið. 14.Hfc1 Hfc8 15.b4

axb3 16.axb3 Db4 17.Ra4 (17.Dc2 Rd7 18.Bd2 Db6+ 19.Kh1 Df2 Jöfn staða. 17.Hc2 Rd7 18.Rd5 Dxd2 19.Hxd2 Kf8 jöfn staða.) 17. - Dxd2 18.Bxd2 Rd7 19.Be3 f5!?

14. - Dxd2 15.Rxe7+?!

Lítur ágætlega út en líklega var betra fyrir Kveinys að fara út í 15.Bxd2 Rxd5 16.cxd5 Bd7 Svartur stendur aðeins betur vegna þrýstingsins á b2 þó hvíts. Hugsanlegar hugmyndir fyrir svartan eru að leika Hfc8 og jafnvel f5 síðar.

15. - Kh8 16.Bxd2 Hfe8 17.Rd5 Rxd5 18.cxd5



18. - Bxd5 19.Bb5?

Betra var 19.a3 Ba2 20.Ha1 Bd4+ 21.Kh1 Bb3. Engu að síður mun verra á hvítan, hann er ansi bundinn við b2 þessið og svartur fer að koma með hrókana á c línuna.

19. - Bxa2! 20.Bxe8 Bxb1 21.Bxf7 Bd3 22.Hd1 Bd4+! 23.Kh1 Bc2

Efstu sveitir:

1. URAL Sverdlovskaya Rússlandi 12 stig 32 vinninga
2. 2. OSG Baden-Baden e.V. Þýskalandi 12 stig 27½ vinninga
3. PVK Kiev Chess Úkraínu 11 stig 30 vinninga


Sigursveitin:

GM Radjabov Teimour 2751	3½ af 5
GM Kamsky Gata 2729	2½ af 6
GM Shirov Alexei 2726	5½ af 7
GM Grischuk Alexander 2719	5½ af 7
GM Malakhov Vladimir 2675	7 af 7
GM Motylev Alexander 2672	3 af 4
GM Dreev Alexey 2670	5 af 6

24.Ha1

24. Hc1 hefðu engu bjargað, svartur hefði einfaldlega svarað því með 24.Bb3 og veikleikinn í borðinu er einfaldlega of dýrkeyptur og hvítur getur ekki bjargað taflinu.

24. - Kg7 25.Bc4 Bxb2 26.He1 a3 27.Ba2 b5



Kveinys gafst upp hér, svartur leikur einfaldlega Ha4-b4-b3 og þaðin rúlla upp. Kveinys virðist ekki hafa kannast við þessa hugmynd að gefa þaðið á e7 tímabundið og það reyndist honum dýrkeypt í þessari skák. a5 plan svarts er athyglisvert og hefur m.a. Gushimov frá Azerbaijan verið að beita þessu með finum árangri gegn mjög sterkum skákmönnum.

0-1

Skýringar: *Jón Viktor Gunnarsson*

Hvít: **Guðmundur Gíslason** 2328

Svart: **Virginijus Dambrauskas**

2338


Uppskiptaafbrigðið í

Drottningarbragði D13

Gummi tefldi tvær skákir í mótinu þar sem hann

Gummi tefldi tvær skákir í mótinu á móti alþjóðlegum meisturum þar sem hann beitti Uppskiptaafbrigðinu í Drottningarbragði. Hann vann báðar skákirnar örugglega.

1.c4 c6 2.d4 d5 3.cxd5 cxd5 4.Rf3 Rc6 5.Rc3 Rf6 6.Bf4 Rh5 7.Bg3 Rxc3 8.hxc3 e6 9.e3 Be7 10.Bd3 h6 11.a3 Bd7 12.Hc1 Hc8 13.De2 Db6 14.0–0 0–0 15.b4 a5 16.b5 Rb8



17.Ra4 Dd8 18.Bb1! Bd6

Peðið á a3 var friðhelgt vegna Dd3.

19.Hxc8 Bxc8 20.Dd3 g6 21.Rh4 De7 22.Rb6

Undirbýr fórnina á g6 sem er yfirvofandi og óverjandi.

22. - Hd8 23.a4 Rd7



24.Rxc6! fxc6 25.Dxc6+ Kf8 26.Rxc8 Hxc8 27.Dxh6+ Ke8 28.e4!

Einfaldlega fjarlægir varnar-skjöldinn fyrir framan svarta


kónginn.

28. - dxe4 29.Bxe4 Rf8 30.b6 Bb4

31.Hd1 Dd6 32.g4

Ný hótun komin í skákina. Þetta peð er á leiðinni að verða drottning. Svartur ræður ekki við allar hótanir hvíts.

32. - Dxb6 33.g5 Bd6 34.Dh5+ Kd8 35.g6 Hc7 36.Dg5+ Be7



37.g7 Bxc5 38.gxf8D+ Kd7 39.d5 Hc1 40.dxe6+ Kc7 41.Hxc1+ Bxc1 42.e7 Dd6

Og svartur gafst upp.

1–0

Skýringar: Halldór Grétar


Hvít: **Halldór Grétar Einarsson**

2264

Svart: **Zvonko Stanojosi** 2502

Benkö bragð A57

1.d4 Rf6 2.c4 c5 3.d5 b5 4.cxb5 a6 5.b6 Dxb6 6.Rc3 d6 7.e4 g6 8.Rf3 Bg7 9.Be2 0–0 10.0–0 a5 11.Rd2 Ba6 12.Rc4 Dc7 13.Bf4 Rfd7 14.Hc1 Rb6 15.Rxb6 Dxb6 16.Ra4 Db4



17.He1 Rd7 18.Bd2! Db7 19.Bc3 Bxe2 20.Hxe2 f6 21.f4

Hvítur er kominn með mun betri stöðu.

21. - Bh6 22.g3 Hfb8 23.He1 Rf8 24.Hc2 Dd7 25.Hce2 Dg4 26.e5

Bxf4 27.exf6 exf6 28.Bxf6 Df5

29.Bc3 Bh6 30.He7



Hérna var stórmeistarinn farinn að svitna, enda staða hans ekki glæsileg. Ef nú 30. - Rd7 þá 31.g4! **30. - Dh5 31.g4! Dh3 32.De2?! 32.g5!** vinnur mann. Einnig var Rxc5 góður leikur.

32. - He8!

Með þessari hróksfórn nær svartur að bjarga skákinni í jafntefli með þraskák.

33.Hxe8 Hxe8 34.Dxe8 Dxc4+ 35.Kf2 Df5+ 36.Ke2 Dc2+ 37.Kf1 Df5+ 38.Ke2 Dc2+ 39.Kf3 Df5+ 40.Ke2


Jafntefli

½–½

Skýringar: Halldór Grétar


Hvít: **Vadim Milov** 2681

Svart: **Bragi Þorfinnsson** 2383]




Maður skildi halda að stórmeistarinn myndi smám saman ná að sviða þessa stöðu.

22. - a5 23.Kh2 Ba6 24.Bxa6 Hxa6 25.Hac1 a4 26.Hfd1 h6 27.Hc2 Hd8 28.Be3 Hd7 29.Hd4 Kh7 30.Hb4 Kg6 31.h4 h5




32.f3 Rd6 33.Hd2 Rf5 34.Bf2 Re7
35.Hb5 f6 36.g4 hxg4 37.fxg4 Kf7
38.Kg3 Ke6 39.He2+ Kf7 40.Bc5
Rc6




Bragi hefur teflt vörnina vel og að sama skapi hefur Milov teflt

ráðleysislega. Bragi er allt í einu kominn með fína stöðu og staka peðið orðið hættulegt fripeð og riddarinn virkur á miðborðinu.
41.h5 d4 42.g5 Re5 43.Bb4 Hc6
44.Hf2 Rd3 45.Hd2 Re5 46.Kf4
Ke6 47.Ke4 d3



48.b3 axb3 49.axb3 f5+ 50.Ke3
Ef 50.Kf4 þá Hd4+ og svartur fer með hrókin á kóngsvæng og verður peði yfir plús vinnandi stöðu.
50. - Rg4+ 51.Kf3 Hd4



Hvítur er í stökustu vandræðum og má teljast heppinn að eiga leik sem heldur honum á lífi.

52.Bf8 Hc1
Hérna komu tveir aðrir leikir til greina:
52. - Hc2 53.Bxg7 (53.Hxc2 dxc2 54.Hc5 Re5+ 55.Ke3 Hc4) 53. - He4 54.Hxd3 Rh2+ með þráskák;
52. - Hc7 53.h6 gxh6 54.gxh6 Re5+ 55.Hxe5+ Kxe5 56.Bg7+ Hxg7 57.hxg7 með jafntefli.
53.Bxg7 Hf1+ 54.Kg3 Hg1+ 55.Kf3 Hf1+ 56.Kg3 Hg1+ með þráskák
½-½
Skýringar: Halldór Grétar

First Saturday

Ungverjalandi 1.-12.nóvember

Jón Viktor, Bragi Þorfinnsson og Dagur Arngrímsson tefldu í SM flokki. Jón Viktor fékk vinninga af 9 og lenti í 6.sæti. Hann hækkaði þó nokkuð að stigum. Dagur fékk 4 vinninga og varð í 10.sæti. Bragi fékk 3½ vinning og lenti í 11.sæti. Guðmundur Kjartansson

tefði á AM flokki og hafnaði í 2.sæti með 8 vinninga af 9.

Hvítt: **Martinovic** (Króati) 2420
Svart: **Jón Viktor Gunnarsson**
2430

Benkö bragð A58

1.d4 Rf6 2.c4 c5 3.d5 b5 4.cxb5
a6 5.bxa6 g6 6.Rc3 Bxa6 7.Rf3 d6
8.g3 Bg7 9.Bg2 Rbd7 10.Hb1
Leikur sem Kramnik gerði vinsælan eftir tvær sigurskákir gegn Topalov og Van Wely árið 2003.

10. - Rb6!?

Líflegasti leikurinn gegn Kramnik systeminu að mínu viti.

11.b3 Bc8!?

Hugmyndin er að byrja strax að áreita hvítan með hótuninni Bf5.

e4 hér yrði t.d. svarað með Ba6 og hvítur ætti erfitt með að hrókeri.

12.Rh4 h6 13.Dc2 Dd7 14.f4!?




Hvítur er búinn að stöðva g5-Df5 plan svarts en um leið hugsanlega

veikja sig aðeins. Svartur verður engu að síður að tefla mjög virkt ef hann ætlar ekki að verða undir.


14. - Bb7 15.Bb2 0-0 16.Dd2 c4!?
17.0-0

17.b4 Ra4 18.Rxa4 Dxa4 19.a3 Db5 20.e4 e6 21.dxe6 Rxe4!
22.Bxe4 c3! 23.De3 Hae8!!



24.Bxc3 Hxe6 Dæmi um hvernig svartur á að tefla virkt.


17. - cxb3 18.axb3 Ba6 19.Kh1 Db7 20.Hfe1 Rbd7 21.e4 Rc5 22.e5



Núna fara leikar að æsast!

22. - dxe5 23.fxe5 Rg4 24.d6 Da7 25.h3

25.Bxa8 Dxa8+ 26.Kg1 exd6 Svartur með mjög gott spil fyrir skiptamun hér og margir veikleikar í hvítu stöðunni.



Hér tók ég um hálf tíma umhugsun á næsta leik, ég sá að 25.Rd3 gefur þrískák eftir 26.hxg4 - Rf2+ - 27. Kh2 - Rg4+ 28. Kh1 - Rf2+. Staðan var einfaldlega of spennandi til að taka ekki áhættuna!

25. - Rxe5!? 26.dxe7 Hfe8? 26.Dxe7 var að sjálfsögðu

leikurinn.

27.Hxe5! Bxe5 28.Rd5?!

Hér missti hvítur af killer 28.Rxg6!! fxg6 29.Dxh6 Dxe7 30.Bd5+ Re6 31.Dxg6+ Bg7 32.Re4 Df7 33.Rf6+ Kf8 34.Ba3+ He7 35.Bxe7+ Kxe7 36.Dxf7+ Kxf7 37.Bxa8 Kxf6 og hvítur ætti að vinna þetta.

28. - Bxb2 29.Dxb2 Rd7 30.Dc2 Hac8 31.De4 Hc6

Hérna vorum við komnir í tímahrak.

32.Da4 Dc5 33.He1 Hd6

Og núna situr hvítur uppi með tapað tafl.

34.b4 Df2 35.Hg1 Bb7 36.Rf4 Bxg2+ 37.Hxg2 De1+ 38.Kh2 Hd1 Gefið.

Skemmtileg skák en alls ekki gallalaus.

0-1

Skýringar: Jón Viktor

Harkany

Ungverjalandi 14.-22.nóvember

Dagur Arngrímsson hlaut 7 vinninga af 9 og varð í 2.-3.sæti. Hann náði stórmeistaraáfanga í mótinu þó að FIDE hafi ekki viðurkennt hann 100%. Tveir andstæðingar Dags hlutu nafnbótina stórmeistarar snemma móts á FIDE-þingi sem haldið var í tengslum við Ólympíumótið í Berlín. Hefð er fyrir því að þannig

unninn áfangi gildi þegar sótt er endanlega um GM titil. Guðmundur Kjartansson fékk 6 vinninga, varð í 9.-23. sæti og náði alþjóðlegum áfanga. Bragi Þorfinnsson fékk 5 vinninga og varð í 34.-38. sæti og Jón Viktor fékk 4½ vinning og hafnaði í 49.-70. sæti.

Hvítt: Jón Viktor 2430)

Svart: Boguzslavszkij 2300

Caro-Kann vörn B15

1.e4 c6 2.d4 d5 3.Rc3 g6?! 4.Rf3 Bg7 5.h3 Rh6 6.Bd3 f6 7.De2!

Tryggir hvítum betri stöðu, svartur getur ekki hrókað...

7. - Rf7

7. - 0-0 8.exd5 cxd5 9.Rxd5 og hvítur vinnur það.

8.Bf4 0-0 9.0-0-0 e5!?



Svartur ákveður að hræra upp í stöðunni.

10.Bh2


10.Be3!?

10. - exd4 11.Rxd4 f5 12.e5 c5? 13.e6

Kannski var betra að leika

einfaldlega 13.Rb3 - Rc6 14.Bc4 Rd4 15.Rxd4 dxc4 16.Re6 Bxe6 17.Hxd8 Hxd8. Mun betra á hvítt.

13. - cxd4 14.e7 Da5 15.e8D dxc3



Hvítur með tvær drottningar SKÁK 36

inná borðinu eftir 15.leiki ! Ekki á hverjum degi sem maður lendir í því!

16.D2e7!

Eini leikurinn af viti!

16. - cxb2+ 17.Kb1 Hxe8 18.Dxe8+ Bf8 19.Dxc8 Rc6

20.Dxa8 Rb4

Andstæðingur minn teflir í anda gömlu meistaranna!

21.Kxb2 Rd8?

Svartur varð að drepa á a2 með riddara 21. - Rxa2 22.Dxf8+ Kxf8 23.Ha1 Db6+ 24.Kxa2 Ég

Belgrad Trophy

Serbíu desember

Jón Viktor varð í 1.-3. sæti með 7½ vinning af 9. - 40. sæti. Guðmundur Kjartansson, Dagur Arngrímsson og Snorri G Bergsson fengu 6 vinninga og höfnuðu í 20.

Hvít: **Dagur Arngrímsson**
2392

Svart: **R,Protsenko** 2265
Pirc vörn B07

Eftirfarandi skák var tefld á síðasta alþjóðlega skákmótinu í fjögurra móta runu sem ég tók þátt í haustið 2008. Ég, Jón Viktor Gunnarsson og Bragi Þorfinnsson hófum ferðina á Evrópumóti taffélaga í Grikklandi með liðsfélögum okkar í Taffélagi Bolungarvíkur. Bæði Jón og Bragi stóðu sig vel og hækkuðu töluvert á stigum. En stjarna liðsins var klárlega Guðmundur Gíslason sem tefldi eins og herforingi allt mótið og uppskar eitt stykki AM-áfanga! Mér gekk hins vegar ekki vel en lærði mikið á því að tefla við sterka andstæðinga. Frá Grikklandi fórum við Bragi og Jón til Búdapestar í Ungverjalandi á First Saturday þar sem við hittum Guðmund Kjartansson. Við "Bolarnir" tefldum saman í stórmeistaragrúppu en Gummi tefldi í AM-grúppu. Okkur Braga gekk ekkert sérstaklega vel í mótinu en Jón Viktor græddi nokkur stig með góðum endaspretti. En hetja okkar Íslendinga í Búdapest var Gummi Kjartans! Hann hækkaði um 30-40 stig og var óheppinn að næla sér ekki í AM-áfanga. Eftir 20 daga dvöl í Búdapest lá leiðin á fremur sterkt opið mót í litla ungverska heilsuþænum Harkany, sem er vinsæll ferðamannastaður á sumrin. Þar gengu allir hlutir upp og ég átti mót lífsins, lenti í 2. - 4. sæti og samsvaraði árangur minn stórmeistaraáfanga og hækkuð upp á 40 stig. Gummi Kjartans hélt áfram að standa sig frábærlega og náði auðveldum AM-áfanga og græddi einnig 30-

40 stig. Eftir mótið fór Bragi heim enda beið hans þar barnshafandi kona en við hinir þrír félagarnir héldum skákferðinni áfram til Belgrað í Serbíu. Þar hittum við Snorra Bergsson sem hefur reynslu að tefla á þessum stað. Hann er "celeb" í Belgrað og fékk bæði frían mat og gistingu! En að mótinu sjálfu. Ég tefldi í samræmi við stigin mín en Gummi og Snorri stóðu sig vel, hækkuðu á stigum og voru báðir mjög nálægt AM-áfanga. En Jón Viktor var maður mótsins! Hann gerði sér lítið fyrir og vann mótið ásamt tveimur öðrum. Því miður vantaði smá upp á að hann næði sínum öðrum stórmeistaraáfanga en miðað við taflemnskuna er ekki langt í það. Mæli ég eindregið með því að íslenskir skákmenn leggist í skákvíking og taki nokkur mót saman. Bæði er það skemmtilegt og lærdómsríkt! Að lokum kemur hér stutt skák frá Belgrað.

1.e4 d6 2.d4 Rf6 3.Rc3 g6 4.Bg5

Svartur teflir Pirc-vörn. Þessi Bg5 leikur er nokkuð lúmskur og hafa meistarar á borð við Alexey Dreev leikið honum með góðum árangri.

4. - Bg7 5.f4 c6 6.Dd2 b5 7.Bd3 Db6?

Slæmur leikur. Svarta drottningin gerir lítið gagn á b6. Betra hefði verið að stutthróka.

8.Rf3 Bg4 9.e5!

Hvítur er kominn með allt það sem hann vill út úr byrjuninni.

9. - dxe5 10.fxe5 Rfd7 11.Be3 Bxf3 12.gxf3 b4?

Slakur leikur. Svartur rekur hvíta riddarann á betri reit.

13.Re4 0-0?!

Skárta hefði verið 13. - Ra6 en svartur er samt í miklum vandræðum.

tel að hvítur eigi alla möguleika á að vinna þetta.

22.Be5 og ég vann auðveldlega nokkru síðar.

1-0

Skýringar: Jón Viktor

14.h4!

Áætlun hvíts er einföld, að ýta h-þeðinu áfram.

14. - f5?

Svartur finnur enga vörn. Staðan er gjörtöpuð!

15.Bc4+ Kh8 16.h5



Og svartur gafst upp.

1-0

Skýringar: Dagur Arngrímsson

Hvít: **Jón Viktor** 2430

Svart: **Dragutin Velimirovic**
2430

Sikileyjarvörn - Drekin B77

Í 8. umferð í Belgrad Trophy fékk ég gamla brýnið Velimirovic. Ég var ágætlega sáttur með þá röðun

a) Fá að tefla við heimsþekktu kempu

b) Hann teflir alltaf til vinnings og leitar eftir flækjum.

Ég þurfti nauðsynlega á sigri að halda til að eiga möguleika á að vinna mótið.

1.e4 c5 2.Rf3 d6 3.d4 cxd4 4.Rxd4 Rf6 5.Rc3 g6 6.Be3 Bg7 7.f3 0-0 8.Dd2 Rc6 9.Bc4 Rd7?!

Ég bjóst við drekanum en ekki þessu afbrigði. Þetta afbrigði þykir frekar vafasamt en ef hvítur er eitthvað ryðgaður og óundirbúinn þá getur það verið hættulegt. Ég mundi ekki besta svarið en tefldi bara skákina.

10.0-0-0

10.h4 Rb6 11.Bb3 Ra5 12.h5
Rbc4 13.De2 Rxe3 14.Dxe3
Rxb3 15.axb3 Bd7 16.0-0 e6
17.f4 Db6 18.f5 gxf5 19.exf5
Kh8 20.Hhf1 Bxd4 21.Hxd4 e5
22.Dh6 Dxd4 23.Df6+ Kg8
24.Rd5 Hfe8 25.Dg5+ Kh8 26.h6
e4 27.f6 Hg8 28.Dg7+ Hxg7
29.hxg7+ Kg8 30.Re7# Tal -
Forbes. (1988).

10. - Rb6 11.Bb3 Ra5



12.f4?!

Ekki nægilega góður leikur. Ég
mæli með eftirfarandi fram-
haldi... 12.De2! Bd7 13.h4 Hc8
14.h5 Rbc4 15.hxg6 ffg6 16.Bg5
Hf7 17.Kb1 Df8 18.Df2 e6
19.Dh4 Bh8 20.f4

Emanuel Berg - Snorri Bergsson,
Reykjavik Open (2002).

(20.Hd3 Tryggir hvítum góða
stöðu!).

**12. - Rbc4 13.Dd3 Rxe3
14.Dxe3 Rxb3+ 15.cxb3 Bh6**

16.g3 Bg4 17.Hd2 e5!?



Gamli refurinn fer í flækjurnar !

18.Rdb5 a6

18. - Db6!?

19.Rxd6 Dc7 20.h3 Bh5

21.Hd5 Had8 22.Dd3?!

22.Dd2 var nákvæmari leikur.

22. - Be2 23.Dd2 Bf3?!

Eftir þennan leik er hvítur með
mun betra tafl. Hér átti sá gamli
að leika 23. - exf4! 24.gxf4 f5!
Mjög óljós staða.

24.Hf1 Bg2 25.Dxg2 Hxd6

26.Kb1 exf4 27.gxf4 Hc6

28.e5 f6 29.Dg4 Dc8 30.Hd7

fxe5 31.Hfd1?!



Þegar hér var komið við sögu
vorum við komnir í tímahrak 3-4
mín á næstu 9. leiki. Velimirovic
iðaði allur eins og unglamb af
spenningi!

31.Rd5! He8 32.Re7+ Hxe7
33.Hxe7 Dxg4 34.hxg4 exf4
35.Hxb7.

**31. - De8 32.Dh4 g5 33.fxg5
Dg6+ 34.Ka1 Bxg5 35.Db4 b5**

Því miður er ég ekki með restina
af skákinni, svartur blunderaði
stuttu síðar í tímahrakinu en var
hvort eð er með mjög erfiða
stöðu. Velimirovich tefldi engu
að síður mjög vel í þessu móti
og sá ég nokkrar svakalegar
sóknarskákir hjá honum í
sikileyjarvörninni. Mennt geta
lært margt af því að skoða hans
skákir !

1-0

Skýringar: Jón Viktor

Hastings Masters

Englandi 28.des til 5.janúar

Guðmundur Kjartansson varð 15.-27 sæti með 5½
vinning af 9.

Hvítt: **Stewart Haslinger** 2506

Svart: **Guðmundur Kjartansson**

2284

Ítalski leikurinn C55

1.e4 e5 2.Rf3 Rc6 3.Bc4 Rf6 4.d3

Be7 5.0-0 0-0 6.He1 d6 7.a4 h6

8.a5 a6

Einfaldur og góður leikur.

9.h3 Rh7 10.Rc3 Kh8 11.Rd5 f5

12.Bd2 f4 13.Bc3 Rg5 14.b4

Rxf3+ 15.Dxf3 Bg5 16.Had1 Re7



Gummi teflir þetta vel og
áreynslulaust og gefur stór-
meistarannum engin færi.

17.Rxe7 Dxe7 18.d4 Bf6 19.He2

Bd7 20.dxe5 Bxe5 21.Bxe5 Dxe5

Svartur hefur jafnað taflið og

bætir stöðu sína jafnt og þétt.

22.Bd5 c6 23.Bc4 Hf6 24.Hed2




24. - Be8!

Góður leikur. Hvítur er í stökustu
vandráðum.

25.Dd3 Bg6 26.f3 d5 er ekki gott

fyrir hann. Heldur ekki 25.He1
Bh5 26.Dd3 d5 27.Bb3 f3.


25.Db3 f3 26.g3 Dxe4 27.Hxd6
Hxd6 28.Hxd6



28...Bf7!!

Þessi leikur gengur frá hvítum.

29.Dc3 Dxc4 30.Hxh6+ Kg8
31.Dxc4 Bxc4 32.Hh4 Be6



Svartur er manni yfir og með
unna stöðu. Stórmeistarinn
spriklar nokkra leiki í viðbót, en
Gummi teflir af öryggi út skákina.

33.Kh2 Hd8 34.Hf4 Hd1 35.g4
Hf1 36.Hxf3 Bd5 37.Hf5 g6
38.Hf6 Kg7 39.g5 Hb1 40.c3 Hh1+
41.Kg3 Hc1 42.Hd6 Hxc3+ 43.Kh2
Hf3 44.Hd7+ Hf7 45.Hxf7+ Kxf7
46.Kg3 Ke6 47.Kf4 Bb3 48.h4 Bc2
49.f3 Bb1 50.Kg4 Bf5+ 51.Kf4 Bc2
52.Kg4 Ke5 53.h5 gxh5+ 54.Kxh5
Kf4 55.g6 Kxf3 56.g7 Bh7

Gefið

0-1

Skýringar: Halldór Grétar



Guðmundur Kjartansson:

Prag Open 2009

Prag Open fór fram í ár á hinu ágæta Top Hotel Praha og stóð yfir dagana 9-16.janúar. Ágætis þátttaka var í mótinu og nokkrir meðal sterkir stórmeistarar auk fjölda alþjóðlegra meistara tóku þátt. Undirritaður var einn íslenskra keppenda og varð 4-13. sæti niðurstaðan sem er nokkurn veginn viðunandi. Ég hafði eytt áramótunum í Englandi þar sem hið fræga alþjóðlega mót í Hastings fór fram en að því loknu tók við vetrarkuldinn í Prag þar sem hitastig mældist -16° C kvöldið sem ég lenti. Veðrið hélst nokkurn veginn

óbreytt meðan á dvöl minni stóð svo líttill tími fór í að njóta þess að vera í nýrri borg og því meiri í skákina. Sem var þó í besta lagi þar sem mótið var bæði spennandi og skemmtilegt og tefldi ég nokkrar áhugaverðar skákir sem ég ætla hér að deila með ykkur.

Í fyrstu umferð fékk ég nokkuð stigalægri andstaðing en þar sem hann var í yngri kantinum kom vanmat ekki til greina.

Hvítt: Guðmundur Kjartansson

2365

Svart: Martin Bilek 2011

Sikileyjarvörn B43

1.e4 c5 2.Rf3 e6 3.d4 cxd4
4.Rxd4 a6 5.Rc3 Dc7 6.Bd3 Rf6
7.0-0 b5 8.Be3 Bb7 9.f3 Rc6
10.Rxc6 Bxc6 11.Dd2 Bd6 12.g3
0-0



Upp er komin dæmigerð
Kan/Taimanov staða, hvítum
hefur ekki tekist að sýna fram á
neitt frumkvæði enn sem komið
er svo ég ákvað að hrista aðeins
upp í stöðunni.

13.a4 b4 14.Ra2 a5 15.c3 Bxa4
16.cxb4 axb4 17.Rxb4 Bxb4
Annar möguleiki var 17. - Da5
18.Ra6 Dxd2 19.Bxd2 Bb3 og
hvítur heldur smá pressu eftir
20.Hfc1.

SKÁK 39

18.Dxb4 Hfb8



19.De7!

Hógværari leikir sem tölvan hrífst af á borð við 19.Dd4 e5 20.Dc5 Dxc5 21.Bxc5 Hxb2 22.Hf2 Hxf2 23.Kxf2 Bc6 24.Hxa8+ Bxa8 25.Bd6 Re8 26.Bxe5 d5 eða 19.Dc3 Dxc3 20.bxc3 Bc6 eru einfaldlega ekki nóg. Hugmyndin á bak við textaleikinn er dýpri og setur pressu á svartan.

19. - Hxb2

19. - Hb3 20.Hfc1 Db8 21.Bf4 Db6+ 22.Dc5 Dxc5+ 23.Hxc5 Hxd3 24.Hxa4 Hd8 25.b4! Hxf3 26.b5 d5 27.Bc7 He8 28.Hb4 og hvítur hefur góða vinningsmöguleika. 20.Hfc1 Db8 21.Bd4 Hd2 21. - Db4? 22.Hxa4!! Dxa4 (22...Dxe7 23.Hxa8+ Re8 24.Bxb2) 23.Bxb2 Db3 24.Da3!.

22.Da3 Bc6




23.Db3!!

Hér kemur helsti kostur 19.leiks hvíts greinilega í ljós og skiptamunstap er óumflýjanlegt 23. - h6 24.Hxa8 Dxa8 25.Ha1 Db7 26.Dc3 Hxd3 27.Dxd3

Hvítur hefur nú skiptamun fyrir það og ætti að standa til vinnings en ekki er allt svo einfalt og tímahrak eftir flækjurnar gerði

mér erfiðara fyrir

27. - Re8 28.Hb1 Da8 29.Kg2 f6 30.Ha1 Db8 31.Hb1 Da8 32.h4 Kf7 33.Hb2 Rd6 34.Kh2 Re8 35.e5 Bxf3 36.exf6 Be4 37.Db5 Rxf6 38.Bxf6 Kxf6 39.Dxd7 Dd5 40.Hf2+ Kg6 41.Df7+



Hér er staðan líklega jafntefli með bestu taflmennsku, t.d. 41.Dxd5 Bxd5 42.g4 e5 43.Kg3 Bc4 44.Hf5 e4 45.h5+ Kh7 46.He5 Bd3 47.He8 Bb1 48.Kf4 Bc2 49.Ke3 Bb1 50.Kd4 Bc2 51.Kc5 Bb1 52.Kd6 Bd3 53.Kc7 Bc2 54.Kd8 Bd3 og hvítur kemst ekki í gegn.

41. - Kh7 42.Df4 Df5 43.De3 Dg6 44.Hf4 Bd5 45.g4 Dc2+

Hér hefði 45. - e5! verið hættulegur hvítum.


46.Hf2 De4?

Svartur gefur hvítum kost á hagstæðum drottningar-upskeiptum sem leiða til unnar stöðu

47.Dxe4+ Bxe4 48.Kg3 h5 49.Kf4 Bd3 50.g5 Kg6 51.Ke5 Bc4 52.Hc2 Bb3 53.Hc7 Ba2 54.He7 Bb3 55.Kd6

55.Hxe6+ er aðeins jafntefli.

55. - Ba2 56.Hd7 Kf5 57.Hxg7 Kg4 58.g6 Kxh4




59.Hf7 e5 60.Ke7 e4 61.g7

og svartur gafst réttilega upp.

1-0

Skýringar: Guðmundur Kjartansson

Guðmundur Kjartansson 2365 – Stephen Fairbairn 2068



32.Bb6 axb6 33.Dxd6+ Kb7

34.Hfc1 Hh7 35.Dc7+ gefið

1-0

Í sjöundu umferð mætti ég búlgarska alþjóðlega meistaranum Bogomil Andonov og var ég nokkuð bjartsýnn fyrir þessa skák.

Hvítt: Guðmundur Kjartansson 2365

Svart: Bogomil Andonov 2316 Enskur leikur A27

1.c4 e5 2.Rc3 Rc6 3.Rf3 f5 4.d4 e4 5.Rg5 Be7

Hér er 5. - h6 6.Rh3 g5 7.e3 Rf6 8.Rg1 með hugmyndinni h4 og að ná f4 reitnum fyrir riddarann, algengara. Nú kemst riddarinn mun fyrr til f4.

6.Rh3 Rf6 7.Bg5

7.e3 kemur líka til greina og halda biskupnum inn á.

7. - h6 8.Bxf6 Bxf6 9.e3 Re7 10.Rf4 g6?!

Of hægt, 0-0 var rétt.



11.g4!

Hvítur blæs strax til sóknar enda engin ástæða til að bíða, nú verður svartar staðan mjög erfið
11. - 0-0 12.gxf5 gxf5 13.Dh5 Kh7 14.Rcd5! Bg5 15.Hg1

Engin ástæða er til að fara út í hið yfirborðskennnda 15.Rxe7 Dxe7 16.Dg6+ Kh8 17.Dxh6+ Bxh6 18.Rg6+ Kh7 19.Rxe7 Hf7 og svartur er kominn aftur inn í skákina.

15. - Rxd5 16.Rxd5 c6



17.h4! cxd5 18.hxg5 Da5+ 19.Kd1 Db6 20.cxd5

Skemmtilegur og einfaldur lokahnykkur, svartur getur ekkert gert og eftirleikurinn er auðveldur.

20. - Dg6 21.Dxg6+ Kxg6 22.gxh6+ Kf6 23.h7 Kf7 24.d6 Hh8 25.Bc4+ Kf6 26.Bg8 b6 27.Kd2 Bb7 28.Hg3 Hxh7 29.Bxh7 Bd5 30.Hag1 Bf7 31.Hg5
 Loks gaf svartur upp
1-0

Eftir óvænt tap í annarri umferð var ég loksins búinn að blanda mér í toppbaráttuna. Í áttundu og næstsíðustu umferð mætti ég pólska stórmeistarann Miroslav

Grabarczyk með svörtu og undirbjó mig því vel og fékk aðstoð frá Hannesi Hlífari sem ég dvaldi hjá meðan á mótinu stóð.

Hvítt: **Miroslav Grabarczyk** 2477
 Svart: **Guðmundur Kjartansson** 2365

Katalónsk byrjun E05

1.d4 Rf6 2.c4 e6 3.Rf3 d5 4.g3 Be7 5.Bg2 0-0 6.0-0 dxc4 7.Dc2 a6 8.Dxc4 b5 9.Dc2 Bb7 10.Bd2
 Upp er komið eitt af vinsælli afbrigðum Katalónsku byrjunarinnar síðustu ár
10. - Be4 11.Dc1 Bb7 12.Bf4 12.Dc2 endurtekur.
12. - Bd6 13.Rbd2



13. - Rd5!?

Hér hefur 13. - Rbd7 verið aðalleikurinn en leikurinn sem ég lék er áhugaverður og kom fyrst, að ég best veit, upp í skákinni Aronian,L - Beliavsky, A , Evrópukeppni landsliða 2007. Aronian beitti honum síðan sjálfur stuttu síðar með svörtu gegn Inarkiev.

14.Bxd6

Fyrirnefnd skák á milli Aronian og Beliavsky fór 14.Rb3 Rxf4 15.gxf4 Rd7 16.e3 Hc8 17.Hd1 c5 18.dxc5 Rxc5 19.Rxc5 Hxc5 20.Dxc5 Bxc5 21.Hxd8 Hxd8 22.Re5 Bxg2 23.Kxg2 Kf8=.

14. - cxd6 15.e4 Re7 16.Dc3 Rd7 17.Hac1

17.a4 svona tefldi Inarkiev gegn Aronian 2007 og hér hefði gott framhald verið 17. - Rf6! 18.Hfe1 d5! 19.e5 Re4 20.Da3 Rf5 21.Rb3 bxa4÷.

17. - Db6!?

17. - Hc8 kom líka til greina en ég

sá litla hættu við að hleypa hvítu drottningunni inn á c7.

18.Dc7 Hfd8 19.Dxb6 Rxb6 20.Hc7 Hd7 21.Hfc1 Hc8 22.Hxc8+ Rexc8 23.Bh3

23.Re1 Ra8! 24.Rd3 Hc7 25.Hxc7 Rxc7 26.f4=

23. - Ra8!

Hugmynd svarts, nú getur hvítur hætt að hugsa um frumkvæðið.
24.d5 Hc7 25.Hxc7 Rxc7 26.dxe6 Rxe6 27.Bxe6 fxe6 28.Rd4 e5 29.R4b3 Rb6 30.Ra5 Ba8 31.b4
 Hér lögðum við niður vopnin

$\frac{1}{2}-\frac{1}{2}$

Skýringar: Guðmundur Kjartansson

Níunda og síðasta umferðin var framundan og andstæðingur minn var tékkneski stórmeistarann Malek Vokac. Þar sem toppsætin voru í húfi ætlaði ég ekki að gefa neitt eftir og undirbjó 1.e4 í fyrsta leik í von um að fá upp hvassar og flóknar stöður.


Hvítt: **Guðmundur Kjartansson** 2365

Svart: **Marek Vokac** 2454
 Spænskur leikur C93

1.e4 e5 2.Rf3 Rc6 3.Bb5 a6 4.Ba4 Rf6 5.0-0 Be7 6.He1 b5 7.Bb3 d6 8.c3 0-0 9.h3 h6

Með síðasta leik sínum velur svartur Smyslov afbrigðið í spænska leiknum, afbrigðið telst ekki til tískuafbrigða í dag en er vel teflanlegt og meðal frægra skáka í Smyslov afbrigðinu má t.d. nefna nokkrar rimmur milli Tal og Gligoric, kandidateinvíginu í Belgrade 1968 sem áhugavert er að skoða.

10.d4 He8 11.Rbd2 Bf8 12.Rf1 Bb7 13.Rg3 Ra5 14.Bc2 Rc4 15.a4 c5



Ekki get ég sagt að ég hafi verið undirbúinn fyrir afbrigðið sem kom upp en leiðin sem svartur velur krefst frekar skilnings á stöðutýpunni heldur en að muna langar teoríurunar svo ég hafði ekki miklar áhyggjur

16.d5 Rb6 17.b3

Eftir 17.a5 strax, kemur 17. - Rc4 og 18.b3 Rxa5 er ekki svo ljóst. Ég var að leitast eftir öðru.

17. - g6 18.a5 Rbd7 19.Be3 Bg7 20.Dd2 Kh7 21.b4

Staðan er betri á hvítt en með næsta leik sínum lokar svartur sjálfviljugur drottningarvængnum sem hvítur er einmitt að vonast eftir.

21. - c4?! 22.Rh2 De7 23.Hf1 23.Rg4 Rxc4 24.hxc4 Dh4 25.g5 Hh8 er í lagi á svart en 23.f3 fyrst og undirbúa stökk riddarans til g4 hefði verið sniðugt, t.d. **23. - Had8 24.Hf1 Bc8 25.Hae1 Hf8** hvað annað?! og nú **26.Kf2!** mjög sniðug hugmynd sem mér datt í hug eftir að hafa litið á skákina nýlega, og kóngurinn labbar yfir á

drottningarvænginn og undirbýr öflugra sókn í rólegheitum.

23. - Hf8 24.f4?!

Aftur var 24.f3 rétt, með sömu hugmynd.

24. - exf4 25.Hxf4 Re5 26.Haf1 Rfd7 27.Re2 Hae8 28.Rd4

Hvíta staðan er einnig góð núna en gefur svörtum fleiri möguleika á mótspli og að flækja taflíð.

28. - Rd3

Athyglisverð hugmynd en einnig hefði komið til að greina að beita einhverskonar biðtækni, t.d. með **28. - Hd8** og bíða með **Rd3** til betri tíma.

29.Bxd3 cxd3 30.Dxd3 Re5 31.Dd1 Kg8 32.Bc1

32.Re2 hefði verið eðlilegri og **Bd4** næst

32. - Hc8 33.Re2 Hc4 34.Be3 Bc8 35.Bd4 Bd7 36.Dd2 h5 37.H4f2 Hcc8 38.Rf3 Rxf3+ 39.Hxf3 Hc4

39. - Dxe4 40.Bxc7 Kxc7 41.Rg3 De7 42.He3 Dh4 43.Re4 og svarta staðan er að hrúni komin.

40.Bxc7

Nú verður svartur mjög veikur á svörtu reitunum

40. - Kxc7 41.Rd4 De5

41. - Dxe4 42.He1 Dh4 43.Hf4 Dd8 44.Rc6! Bxc6 45.Hxc4 bxc4 46.dxc6+-.

42.Df2 f6 43.Re6+ Bxe6 44.dxe6 Dxe6 45.Da7+ Hf7 46.Dxa6 De5 47.Db6 Hxe4 48.a6 He2 49.H3f2

49.Ha1! er einfaldari skv. tölvunni, t.d. **49. - He1+ 50.Hxe1 Dxe1+ 51.Hf1 Dxc3 52.Dxb5** og

hvítur er með unnið.

49. - Hxf2 50.Hxf2 Dxc3 51.Dxb5?

51.Dxd6

51. - He7

Hér hefði **51. - Dd4!** verið vandræðalegur fyrir hvítan og staðan er einfaldlega jafntefli. **52.Hf1 h4 53.Hd1?**

Á þessum tímapunkti voru aðrar toppskákir búnar og ljóst að með sigri myndi ég deila fyrsta sætinu í mótinu með tveimur öðrum en í miklu tímahraki tók ég mjög lélega ákvörðun, **53.Db6** vinnur nokkuð auðveldlega

53. - He1+ 54.Hxe1 Dxe1+ 55.Df1 Dxb4 56.Da1 Dc5+ 57.Kh1 Da7

Nú er staðan jafntefli

58.Da5 g5 59.Db5 Dd4 60.Db1 Kh6 61.Dg1 Da4 62.a7 d5 63.Df2 Da1+ 64.Kh2 De5+ 65.Kh1 Da1+ 66.Dg1 Da4 67.Kh2? Df4+?!

67. - d4 68.a8D Dxa8 69.Dxd4 Db8+ 70.Kh1 Db1+ 71.Kh2 Kg6 staðan ætti samt að vera jafntefli.

68.g3 hxc3+ 69.Dxc3 Dd2+ 70.Dg2 Df4+ 71.Kh1 Da4 72.Df2 Kg6 73.Dc5 De4+ 74.Kg1 d4 75.Da3 De1+ 76.Kg2 De2+ 77.Kg1 De1+ 78.Kg2 De2+ 79.Kg1 De1+ 80.Kg2 De2+ og loksins sættumst við á jafntefli

$\frac{1}{2}-\frac{1}{2}$

Skýringar: Guðmundur Kjartansson



Hrannar Baldursson:

Rökin bakvið leikina

Skák 1: Samstæð peðáárás Petrosian

Í greinunum 'Rökin bakvið leikina' hef ég hugsað mér að taka fyrir góðar skákir úr skáksögunni. Skákin sem ég tek fyrir í þessari grein var valin sem ein besta skák ársins af Sahovski Informator útgáfunni árið 1966, en þá fór fram heimsmeistaraeinvígi þeirra Spassky og Petrosian í Moskvu.

Þessar greinar eru ætlaðar meðalsterkum skákmönnum, sem þegar kunna allar reglur skákarinnar og hafa teflt á einhverjum mótum, en vilja bæta sig. Þær eru byggðar á aðferð sem ég beitti sem þjálfari Salaskólaliðsins þegar það náði heimsmeistaratitli árið 2007. Þá fórum við reyndar ekki yfir bestu skákir í heimi, heldur yfir skákir sem liðsmenn höfðu teflt.

Það sem einkennir þessar skákskýringar er spurningin 'Af hverju?' en eftir hvern einasta leik ætlast ég til að fá svar við henni, ekki svar sem leitar inn í hug keppandans sem tefldi skákina, enda er hann frekar óaðgengilegur þeim sem skrifar þessa grein, heldur út frá heilbrigðri og gagnrýnni hugsun um skák, út frá hinum margbrotnu lögmálum skákarinnar.

Ég get ekki fullyrt að svar mitt sé alltaf það eina rétta, eða besta hugsanlega svarið, en það verður þó tilraun til að svara spurningu á mannamáli sem enginn myndi annars reyna að svara.

Gagnrýnendum er velkomið að senda mér betri svör en þeim sem mér tekst að gefa, og get ég

hugsað mér að birta þau sem leiðréttingu á mínum eigin þælingum. Þannig kæmist sams konar samræða í gang og á sér stað á agaðri æfingu.

Athugasemdir má senda á hrannar.baldursson@gmail.com

Hvítt: Boris Spassky

Svart: Tigran Petrosian

26. heimsmeistaraeinvígið í Moskvu, 25. apríl 1966

1. d4

Hvíta d4 peðið tekur strax völdin á e5 reitnum, einum af fjórum dýrmætustu reitum borðsins. Hinir dýrmætustu reitirnir eru d5, d4 og e4 og eru kallaðir miðborðið.

1. - Rf6

Svartur nær valdi á miðborðsreitnum e4 og kemur út manni. Þessari riddari verður oft lykilmáður hjá svörtum, nema þegar hvítum dettur í hug að ráðast strax á hann með hinni óþægilegu Trompowski árás: 2. Bg5.

2. Rf3

Hvítur tryggir sér völdin á e5 reitnum og kemur út manni.

2. - e6

Svartur ætlar sér að ná völdum á d5 reitnum, auk þess að hann opnar línur fyrir svartreita biskupinn og drottninguna.

3. Bg5

Hvítur kemur út manni og vekur strax upp óþægilegar spurningar fyrir svartan. Ef hvítur drepur riddarann á f6, með hverjum væri best að drepa til baka? Dulin hótun hjá hvítum var hugsanlega

að leika e4 og vinna þannig yfirburðarstöðu á miðborðinu.

3. - d5

Svartur ver e4 reitinn, auk þess sem hann opnar fyrir hvítreita biskupnum. Svarta drottningin er heldur ekki jafn aðþrengd og áður.

4. Rbd2

Hvítur heldur ótrauður áfram að koma mönnunum út á borð. Taktu eftir að riddarinn setur á e4 reitinn.

4. - Be7

Svartur kemur manni út og fjarlægir leppunina af riddaranum á f6. Leppanir geta verið erfiðar fá þær að standa of lengi.

5. e3

Hvítur opnar útgönguleið fyrir sinn síðasta léttu mann, svartreita biskupinn og undirbýr að koma honum fyrir á d3 þar sem hann gæti reynst hættulegur hrókfæri svartur stutt.

5. - Rbd7

Svartur kemur út manni og eykur vald sitt á e5.

6. Bd3

Hvítur kemur út sínum síðasta léttu manni sem hreiðrar vel um sig á d3. Það má segja að skotgrafahernaðurinn sé hafinn.

6. - c5

Í stað þess að halda áfram með byrjunina ákveður svartur að byrja með létttri árás á drottningarvænginn. Ef hvítur gerir ekkert við þessu leikur svartur að sjálfsgöðu c4 í næsta leik og hrekur biskupinn úr vélbyssuhreiðrinu.

7. c3

Hvítur svara c4 hótuninni með því að opna flóttalið fyrir biskupinn á c2. Ráðist svartur nú áfram með c4 myndar hann veikleika sem auðvelt er að ráðast gegn með b3 síðar meir.

7. - b6

Svartur opnar fyrir hvítreita biskupinn og valdar jafnframt c5 peðið. Valdabaráttunni um miðborðið er lokið í bili, og þess í stað fer baráttan að snúast um reitina umhverfis miðborðið.

8. O-O

Með hrókfæringu kemur hvítur kóngi sínum í skjól og vantar lítið upp á til að hafa lokið við byrjunina, en henni lýkur formlega með samtengingu hrókanna. Samt ætti honum að vera óhætt að leggja strax til atlögu, enda kóngurinn kominn í skjól og allir liðsmenn virkir.

8. - Bb7

Svartur kemur út sínum síðasta manni sem setur strax af stað dulbúna pressu alla leið niður á g2.

9. Re5

Hvítur reynir að nýta sér að hann er einum leik á undan svörtum, sem hefur ekki enn komið kóngi sínum í skjól. Oft er það ágætis ráð að leggja riddurum á miðborðsreitum sé hægt að komast upp með það á annað borð.



9. - Rxe5

Svartur tekur áskorun hvíts. Taktu eftir að nú myndast

veikleikar í hvítu stöðunni, sem felast í því að hvítur hefur nú tvípeð á e-línunni og að svarti biskupinn á b7 verður óvænt margfalt öflugri en efni standa til. Með þetta í huga getum við spurt okkur hvort að 9. leikur hvíts hafi verið vanhugsaður. Hann hefði til dæmis getað tengt hrókana fyrst saman með De2.

10. dxe5

Ekkert annað kom til greina. Allt annað væri liðstap.

10. - Rd7

Eðlilegur leikur sem myndar tvöfalda hótun strax, gegn biskupnum á g5 og peðinu á e5. Hvítur verður að snúast til varnar þrátt fyrir að vera á undan í liðskipan. Það þýðir í raun að svartur sé búinn að jafna taflið.

11. Bf4

Biskupinn hörfar og valdar e5 peðið.

11. - Dc7

Svartur hótar að drepa e5 peðið með riddara og stinga síðan biskup á d6. Svartur metur betur frumkvæðið sem felst í að hóta heldur en að koma kónginum í skjól.

12. Rf3

Hvítur valdar e5 peðið.

13. - h6

Óþægilegur leikur fyrir hvítan. Nú hótar svartur að ráðast á biskup með g5 og síðan riddara með g4 og hefur sjálfsgat engar áhyggjur af því hvort að g-peðið tapist eða ekki, því hann getur plantað hrók á g8 og b7 biskupinn heldur ennþá skotmarki á g2. Staðan virðist vera orðin svolítið hættuleg fyrir hvítan.

13. b4

Hvítur hunsar algjörlega g5-hótunina og ætlar sér mótspil á drottningarvængnum. Stóra spurningin er hvor sóknin er hættulegri, hvor er á undan í árás?

13. - g5


Þessu mátti hvítur búast við. Nú vakna kóngspeð svarts heldur betur til lífsins.

14. Bg3

Ekkert annað í stöðunni. Ekki vill hvítur tapa biskup.

14. - h5

Peð sem standa hlið við hlið eru mun öflugri en strjál peð. Nú er hvítur greinilega kominn í vandræði.



15. h4

Það er örvæntingarlykt af þessu og ljóst að hvítur opnar fyrir áráðarlið svarts. Nú er það bara vörn fyrir hvítan. Hann getur varla dreymt um sókn úr þessu nema honum takist að verjast fallbyssum svarts.

15. - gxh4

Það er ekkert sjálfsgðara en að hirða peð sem manni er boðið, sérstaklega þegar það þýðir að hægt er að stilla fallbyssuhrókunum upp á g-línunni.

16. Bf4

Hvítur velur að valda áfram e5 peðið frekar en að taka h-peðið. Hann er hvort eð er kominn í heilmikinn vanda.

16. - O-O-O

Loksins klárar svartur byrjunina eftir að hafa búið til mikil vandræði fyrir hvítan, og tengir hrókana saman. Taktu eftir að þó svo að svartur hafi gefið sér meiri tíma í byrjunina er hann formlega búinn með hana á undan hvítum, sem hefur enn drottningu á d1. Þetta kallar maður að nýta vel frumkvæði sem óvart gefst þrátt fyrir að vera heilu tempói á eftir.

17. a4

Hvítur er bjartsýnn á að finna einhverjar glufur í drottningarvængnum, en þessi árás er alltof hægfara miðað við ógnirnar sem svartur nær að stilla upp.

17. - c4


Lokar drottningarvængnum á einfaldan hátt og vinnur tempó í leiðinni! Gangi hvítum vel að brjótast í gegnum þetta virki.

18. Be2

Erfiður leikur fyrir hvítan. Hér gat hann reyndar valið um að fara einnig á c2 eða hinn áhugaverða f5 reit fyrir biskupinn.

18. - a6

Aftur reynast samhliða það sterk. Á hinum vængnum voru þau notuð í sókn, en núna í vörn.

**19. Kh1**

Vitirðu ekki hvað skal gera, skaltu leika kónginum út í horn. Þetta er vafasamur leikur vegna ofurbiskupsins á b7, en sjálfsagt nauðsynlegur þar sem Hg8 lá í loftinu og hvítur vill ekki að g2 peðið sé leppað í náinni framtíð.

19. - Hdg8

Fallbyssum stillt upp á g-línunni eins og títtætt hefur verið.

20. Hg1

Passívari gæti hrókurinn varla verið, nema hann ætlaði sér að leika g3 eða g4 og rústa þar með eigin varnarstöðu algjörlega. Sjálfsagt hefur hvítur verið að hugsa um að styrkja varnirnar, og ætlað sér að byggja varnarmúr gegn áráshernum í stað þess að

forða kónginum af árárs-svæðinu.

20. - Hg4


Tilgangur þessa leiks er nokkuð augljós. Nú á að tvöfalda á g-línunni. Detti hvítum í hug að koma riddaranum af f3 og slá á g4 með biskup, mun svartur glaður þiggja samhliða það í stórsókn fyrir skiptamun, reikna ég með.

21. Dd2

Hvítur lýkur loks byrjuninni formlega, en kemur drottningunni fyrir á afar passívum stað. Það er ljóst að hann mun reyni að hanga á jafntefli, og gerir sér sjálfsagt litlar vonir um sigur úr þessu.

21. - Hhg8

Hvað annað? Tvöföldun hrókana er eðlilegasti leikur í heimi og kemur hvítum í afar mikil vandræði.

**22. a5**

Það má reyna að brjótast gegnum múrinn, en vörnin er alltof þétt.

22. - b5

Svartur stoppar í síðasta gatið. Þessi vörn mun standast hvað sem er.

23. Had1

Það er erfitt að sjá að hvítur hafi nokkra áætlun, aðra en að taka hálfopnu línuna. Þetta er sjálfsagt virkasti leikurinn í stöðunni.

23. - Bf8

Klókur leikur. Svartur hefur nægan tíma og getur nú hóttað e5 peðinu á ný með Bg7 langi hann til þess, eða tefla upp á

biskupauppskipti. Hvítur virðist hins vegar vera í leikþröng.

24. Rh2

Veik stífla hvíts brestur. Þetta er algjör örvænting, enda hefur svartur engar áhyggjur af að tapa skiptamun í þessari stöðu fyrir samhliða árárspeð á g4 og h4.

24. - Rxe5

Fyrst peðið var ekki lengur fullvaldað, hvað er að því að hirða það?

25. Rxc4

Hvítur heldur kannski í einhverja vonarglætu með því að vinna skiptamun, en ekki skánar staðan.

25. - hxc4

Eðlilegasti leikur í heimi. Þessi samhliða peð munu vera notuð sem múrbrjótur fyrr eða síðar.

26. e4

Klókur leikur sem býr til gildru. Taki svartur peðið opnast möguleikar fyrir hvít með Bxe5 og De7+.

26. - Bd6

Svartur sér ekki neina ástæðu til að leyfa hvítum eitthvað sprikl, og skýtur biskupnum milli drottningar og riddara eins og hann ætlaði fyrir mörgum leikjum síðan. Þetta er ágætis dæmi um þegar áætlun fyrr úr skákinni gagnast síðar.

27. De3

Spasky má ekki vanmeta. Fáir skákmenn voru jafn úrræðagóðir og hann árið 1966. Þó að svartur sé með yfirburðarstöðu þarf hann að passa sig. Nú eygir hvítur hugsanlega sókn með að skjóta drottningu hugsanlega inn á a7. Kannski bara draumórar í augnablikinu, en svartur þarf að vara sig.

27. - Rd7

Svartur ákveður að losa um þá litlu pressu sem hvítur hefur gegn svörtu stöðunni.

28. Bxd6

Hvíti biskupinn á engan góðan reit. Svartur er peði yfir þannig að það kemur honum vel að skipta upp á.

28. - Dxd6

Eini leikurinn.

29. Hd4

Hvítur hótar nú exd5 og síðan Hxg5.

29. - e5


Svartur gefur hvítum engan tíma frekar en fyrri daginn.

30. Hd2

Hvítur verður að hörfa með hrókinn.

30. - f5

Nú hefst öflug stórskotaárás svarts. Hann hótar að drepa e4 og rústa þannig gjörsamlega miðborði hvíts. Drepi hvítur á f5 opnar hann fyrir b7 biskupinn og h3 verður fáránlega hættuleg hótun.

**31. exd5**

Þvingað þar sem að ekki dugar að valda peðið með f3.

31. - f4

Ef eitthvað er óþægilegra viðureignar en tvö samstæð peð, eru það þrjú samstæð peð.

32. De4

Eini vitræni leikurinn. Da7 hefði einfaldlega komið drottningunni úr leik og jafnast á við uppgjöf. Nú fær þó hvítur að skáka svartan einu sinni í skákinni. Það hlýtur að telja eitthvað.

32. - Rf6

Burt með þig drottning og fljótlega hausinn af d5 peðinu.

33. Df5+

Hvítur fær að skáka. Það dugar ekki að bakka.

33. - Kb8

Svartur bakkar í örugga höfn.

34. f3

Hvítur vill loka skálínunni a8-h1.

34. - Bc8


Allt í einu skiptir svartur um skotmark og virðist ekki lengur ætla sér að brjótast í gegnum skálínuna a8-h1, enda hafa allar varnir hvíts farið í þessa skálínu. Af hverju ekki að nýta sér í staðinn aðra veikleika í stöðunni?

35. Db1

Drottningin neyðist til að bakka heim í borð.

35. - g3

Lok lok og læs. Hvítur getur ekki fært neitt peð og fátt gert af viti.

**36. He1**

Hróknum komið í virkari stöðu, en of seint.

36. - h3

Hvað annað? Múrbrjóturinn látinn dynja á virkisvegg hvíts.

37. Bf1

Hvítur verst fimlega.

37. - Hh8

Þarna gerir hrókurinn meira gagn, enda stutt í að h-línan verði næsta galopna lína.

38. gxh3

Hvítur hefði getað haldið út aðeins lengur með Kg1, en það að opna h-línuna er ekkert annað en sjálfmorðsárás. Hvítur lætur ekki taka sig höndum án þess að berjast til síðasta peðs.

38. - Bxh3

Formsatriði.

39. Kg1

Hvítur reynir að koma sér undan árásinni.

39. - Bxf1

Mikilvægur varnarmaður fjarlægður.

40. Kxf1

Betra að taka með kóngi en hrók, enda virðist hrókurinn valda e-línuna. En það er bara sjónhverfing.

40. - e4


Svartur rúllar áfram með peðin. Taki hvítur með f-peðinu leikur svartur einfaldlega f3 og fær enn einu sinni samstæð og öflug peð sem erfitt verður að ráða við.

41. Dd1

Valdar f3 peðið.

41. - Rg4

Svörtu peðin eru í slíkri yfirburðastöðu að Petrosian er tilbúinn til að gefa riddarann fyrir peðasamstæður sem enginn mannlegur máttur getur staðist.

**42. fxg4**

Spasky gerir Petrosian til geðs að þiggja þessa fallegu fórn.

42. - f3

Hótar máti með Hh1++ og kominn óhugnanlega langt með samstæðu peðin.

43. Hg2

Spasky verst máthótuninni, en þarf að gefa hrók á móti.

43.- fxg2+

Hvítur er með koltapað og gefur.

0-1



Komdu til Skýrr!

Fjölbreytt rekstrarþjónusta í upplýsingatækni

Skýrr býður atvinnulífínu mjög fjölbreytta rekstrarþjónustu á sviði upplýsingatækni, allt á einum stað. Rekstrarþjónusta Skýrr hentar atvinnurekstri og fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum.

Þjónusta Skýrr spannar allt frá rekstri staðarneta og tölvukerfa til afritunar, hýsingar, vöktunar og jafnvel prentunar reikninga. Hínir 200 sérfræðingar Skýrr geta sinnt öllum þörfum vinnustaða á sviði upplýsingatækni.

Skýrr er samstarfsaðili alþjóðlegra risafyrirtækja á borð við Microsoft, Business Objects, Oracle og VeriSign. Starfsemi Skýrr er vottuð samkvæmt alþjóðlega gæða- og öryggisstaðlinum ISO 9001. Tugir starfsfólks hafa alþjóðlega IPMA-vottun á sviði verkefna-stjórnunar. Viðskiptavinir Skýrr eru 2.000 talsins.

- Aðgangsstýringar og notendaumsjón
- Afritunarlausnir sem tryggja gagnaöryggi
- Almenn notendaþjónusta og tæknihjálp
- Hugbúnaðar- og vélbúnaðarþróun
- Hagkvæm umsjón með hugbúnaðarleyfum
- Hýsing á hugbúnaði og vélbúnaði
- Opðif allan sólarhringinn allan ársins hring
- Ráðgjöf um innkaup á hvers konar búnaði
- Skýrslugerð um notkun og umferð á interneti
- Umsjón með staðarnetum og tölvukerfum
- Varnir gegn vírusum og tölvuinnbrotum
- Öryggisráðgjöf og viðeigandi lausnir

Hafðu samband í síma 5695100 eða sendu póst til skyr@skyr.is og fáðu tilboð og nánari upplýsingar!

Allt á einum stað

